SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS
2022 | 2023

Sinfóníuhljómsveit Íslands springur út

LÁRA SÓLEY JÓHANNSDÓTTIR

Framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Kæru tónleikagestir.

Framundan er takmarkalaust starfsár Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við hlökkum mikið til að taka aftur á móti ykkur öllum í tónleikasal þar sem við getum notið tónlistar saman, séð gleðina í andlitum annarra og rætt við þá sem sitja næst okkur. Að sækja tónleika snýst nefnilega ekki bara um að hlusta á tónlistina sjálfa - þótt það sé tilefnið - heldur einnig að njóta hennar með öðrum. Eftirvæntingin fyrir komandi starfsári hefur því sjaldan verið meiri.

Á nýju starfsári bjóðum við upp á litríka og margbreytilega dagskrá; fjölmarga tónleika þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Sinfóníuhljómsveit Íslands getur brugðið sér í ýmis hlutverk. Í áskriftaröðunum fáum við heimsklassa einleikara, einsöngvara og hjómsveitarstjóra til liðs við hljómsveitina. Við fáum framúrskarandi unga listamenn til samstarfs þvert á stíltegundir og stöndum fyrir metnaðarfullu fræðslustarfi sem er svo sannarlega mikilvægt. Við stöndum fyrir opnum barnastundum, skólatónleikum og tónleikum fyrir einstök börn, auk þess sem við starfrækjum akademíur fyrir hljómsveitarstjóra, tónskáld og hljóðfæraleikara framtíðarinnar. Allt þetta starf leiðir okkur inn í bjarta framtíð þar sem gróska og fjölbreytileiki eru í fyrirrúmi. Á starfsárinu munum við halda í langbráðar tónleikaferðir innanlands sem utan. Slíkar ferðir eru afar þroskandi fyrir vaxandi hljómsveit þar sem leikið er fyrir nýja áheyrendur við ólíkar aðstæður. Það er einnig afar ánægjulegt að segja frá því að við höldum áfram með Grænu tónleikaröðina í beinni sjónvarpsútsendingu á RÚV á fimmtudagskvöldum sem gerir okkur kleift að sinna hlutverki okkar sem þjóðarhljómsveit enn betur.

Það er von mín að á komandi starfsári endurnýjum við kynni við okkar mikilvæga áskrifendahóp, fáum til liðs við okkur nýja áhugasama áheyrendur og höldum áfram að miðla af metnaði tónlist fortíðar og nútíðar.

Sjáumst á tónleikum!

2022

LAU **20.08** Kl. **17 og 15**
OPIÐ HÚS Á MENNINGARNÓTT
Kl. 15:00
Undur jarðar með Stjörnu-Sævari
Kl. 17:00
Maraþontónleikar

Kornilios Michailidis hljómsveitarstjóri

FÖS **02.09** Kl. **20:00**
KLASSÍKIN OKKAR - EINLEIKARAVEISLA

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri

Ari Þór Vilhjálmsson
Dísella Lárusdóttir
Erna Vala Arnardóttir
Julia Hantschel
Mikolaj Frach
Sigurður Flosason
Rannveig Marta Sarc
Steiney Sigurðardóttir
Edda Erlendsdóttir
Stefán Jón Bernharðsson
og fleiri einleikarar

Halla Oddný Magnúsdóttir kynnir
Guðni Tómasson kynnir

FIM **08.09** Kl. **19:30**
TRIFONOV SPILAR BEETHOVEN

Ludwig van Beethoven
Egmont, forleikur
Ludwig van Beethoven
Píanókonsert nr. 4
Anna Þorvaldsdóttir
ARCHORA
Jean Sibelius
Sinfónía nr. 7

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Daniil Trifonov einleikari

LAU **10.09** Kl. **20:00**
DANIIL TRIFONOV - EINLEIKSTÓNLEIKAR

Þjotr Tsjajkovskíj
Myndabók æskunnar
Robert Schumann
Fantasía op. 17
Wolfgang Amadeus Mozart
Fantasía í c-moll, K. 475
Maurice Ravel
Gaspard de la nuit
Alexander Skrjabín
Píanósónata nr. 5, op. 53

FIM **15.09** Kl. **19:30**
DÍSELLA OG DANZMAYR

Charles Ives
Three Places in New England
Wolfgang Amadeus Mozart
Ach ich liebte, war so glücklich
Leonard Bernstein
Glitter and be Gay
Antonín Dvořák
Sinfónía nr. 9

David Danzmayr hljómsveitarstjóri
Dísella Lárusdóttir einsöngvari

LAU **17.09** Kl. **11:30**
BARNASTUND SINFÓNÍUNNAR

Vala Kristín Eiríksdóttir kynnir

LAU **24.09** Kl. **14:00** og **16:00**
LITLI TÓNSPROTINN
PÉTUR OG ÚLFURINN OG TOBBI TÚBA

Sergej Prokofíev
Pétur og úlfurinn
George Kleinsinger
Tobbi túba

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Halldóra Geirharðsdóttir sögumaður
Nimrod Ron einleikari

SUN **25.09** Kl. **17:00**
UNGSVEITIN SPILAR RAKHMANÍNOV

Sergej Rakhmanínov
Sinfónía nr. 2

Kornilios Michailidis hljómsveitarstjóri
Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands

FIM **29.09** Kl. **19:30**
EVA STJÖRNAR VORBLÓTI

Anna Þorvaldsdóttir
CATAMORPHOSIS
Veronique Vaka
Gemæltan
Daníel Bjarnason
Bow to String
Igor Stravinskíj
Vorblót

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Sæunn Þorsteinsdóttir einleikari

FÖS **30.09** Kl. **18:00**
SKÓGARKYRRÐ MEÐ SÆUNNI FÖSTUDAGSRÖÐ

Veronique Vaka
nýtt verk fyrir einleiksselló
Pierre Boulez
Messagesquisse
Jane Antonia
Cornish Nocturne nr. 2
Gity Razaz
Strange Highway
Antonín Dvořák
Skógarkyrrð

Nathanaël Iselin hljómsveitarstjóri
Sæunn Þorsteinsdóttir einleikari
Hljóðfæraleikarar úr SÍ

FIM **06.10** Kl. **20:00**
STOLIN STEF

Igor Stravinskíj:
Þættir úr Pulcinellasvítunni
Felix Mendelssohn
Sinfónía nr. 4 „ítalska" – 4. þáttur
Sergej Rakhmanínov
Rapsódía um stef eftir Paganíní

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Dmitry Shishkin einleikari
Halla Oddný Magnúsdóttir kynnir

FIM **13.10** Kl. **19:30**
NÝTT OG NORRÆNT

Outi Tarkiainen
The Ring of Fire and Love
Idin Samimi Mofakham
Zurván
Lisa Streich
Segel
Gunnar Karel Másson
Nýtt verk
Jesper Nordin
Árr

Anna-Maria Helsing hljómsveitarstjóri

FIM **27.10** Kl. **20:00**
LAUFEY OG SINFÓ

Tónlist Laufeyjar í hljómsveitar-útsetningum ásamt þekktum jazzperlum

Hugh Brunt hljómsveitarstjóri
Laufey einsöngvari og einleikari

FIM **03.11** Kl. **19:30**
LISIECKI SPILAR CHOPIN

Karol Szymanowski
Konsertforleikur
Frédéric Chopin
Píanókonsert nr. 1
Jón Nordal
Adagio fyrir strengi
Witold Lutosławski
Sinfónía nr. 1

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Jan Lisiecki einleikari

LAU **05.11.** Kl. **11:30**
BARNASTUND SINFÓNÍUNNAR

Vala Kristín Eiríksdóttir kynnir

FIM **10.11** Kl. **20:00**
TÓNELSKIR TÖFRAR

Wolfgang Amadeus Mozart
Töfraflautan, forleikur
John Williams
Stef uglunnar Hedwig (úr Harry Potter)
Pablo de Sarasate
Sígaunaljóð
Paul Dukas
Lærisveinn galdrameistarans
Igor Stravinskij
Eldfuglinn (hluti)

Nathanaël Iselin hljómsveitarstjóri
Sigrún Eðvaldsdóttir einleikari
Halla Oddný Magnúsdóttir kynnir

FIM **17.11** Kl. **19:30**
SINFÓNÍSKIR DANSAR

Páll Ragnar Pálsson
Yfirráðandi kyrrð
Sofia Gubaidulina
Konsert fyrir fiðlu, selló og bajan
Sergej Rakhmanínov
Sinfónískir dansar

Olari Elts hljómsveitarstjóri
Baiba Skride fiðla
Harriet Krijgh selló
Elsbeth Moser bajan

FÖS **18.11** Kl. **18:00**
ÆSKUVERK MEÐ BAIBU OG HARRIET FÖSTUDAGSRÖÐ

Dmitrij Shostakovitsj
Tvö verk fyrir strengjaoktett op. 11
Felix Mendelssohn
Strengjaoktett op. 20

Baiba Skride einleikari
Harriet Krijgh einleikari
Hljóðfæraleikarar úr SÍ

FIM **01.12** Kl. **19:30**
AÐVENTUTÓNLEIKAR

María Antonía Walpurgis
Talestri, forleikur
Antonio Vivaldi
Cessate, omai cessate (úr kantötu RV 684)
Antonio Vivaldi
Konsert fyrir fiðlu og selló í B-dúr
Georg Friedrich Händel
Ombra mai fu (úr Xerxesi)
Georg Friedrich Händel
Vivi tiranno (úr Rodelindu)
Wolfgang Amadeus Mozart
Sinfónía nr. 40

Jonathan Cohen hljómsveitarstjóri
Tim Mead einsöngvari
Dúó Edda einleikarar

LAU **17.12** Kl. **14:00 og 16:00**
SUN **18.12** Kl. **14:00 og 16:00**
JÓLATÓNLEIKAR
LITLI TÓNSPROTINN

Alexander Jarl Þorsteinsson
Björk Nielsdóttir
Kolbrún Völkudóttir
einsöngvarar
Stúlknakór Reykjavíkur
Dansarar úr Listdansskóla Íslands
Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
Táknmálskórinn Litlu sprotarnir
Tónlistarhópar

Mirian Khukhunaishvili
hljómsveitarstjóri
Halldóra Geirharðsdóttir kynnir

2023

FIM **05.01** – LAU. **07.01**
VÍNARTÓNLEIKAR
Óperettutónlist, valsar og polkar.

Keri-Lynn Wilson hljómsveitarstjóri
Jóhann Kristinsson
Álfheiður Erla Guðmundsdóttir
einsöngvarar

FIM **12.01** Kl. **19:30**
HOUGH LEIKUR BEETHOVEN

Christoph Willibald Gluck
Alceste, forleikur
Ludwig van Beethoven
Píanókonsert nr. 3
Raminta Šerkšnytė
Eldar
Claude Debussy
La mer

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Stephen Hough einleikari

FÖS **13.01** Kl. **18:00**
PORTRETT AF STEPHEN HOUGH EINLEIKSTÓNLEIKAR

Claude Debussy
Estampes
Stephen Hough
Partita
Franz Liszt
Petrarca-sonnetta nr. 123
Franz Liszt
Dante-sónata

FIM **19.01** Kl. **19:30**
EVA OG GRUBINGER

Wolfgang Amadeus Mozart
Sinfónía nr. 35, „Haffner"
Maurice Ravel
Dafnis og Klói, svíta nr. 2
Daníel Bjarnason
Slagverkskonsert

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Martin Grubinger einleikari

FIM **26.01** Kl. **19:30**
FLEKASKIL

Haukur Tómasson
It Relaxes Me, the Repetition
Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir
Pons papilloma
Áskell Másson
Capriccio
Kjartan Ólafsson
Mar
Gunnar Andreas Kristinsson
Flekar

Nathanaël Iselin hljómsveitarstjóri
Áskell Másson
Sigrún Eðvaldsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Grímur Helgason
einleikarar

FÖS **27.01** Kl. **12:15**
HRINGLA HÁDEGISTÓNLEIKAR

Bára Gísladóttir
The worlds within our petty voids
VAPE
Hringla

Nathanaël Iselin
hljómsveitarstjóri
Bára Gísladóttir
einleikari

FIM **02.02** Kl. **19:30**
OSMO OG ERIN

Osmo Vänskä
Forleikur
Kurt Weill
Fiðlukonsert
Felix Mendelssohn
Sinfónía nr. 3

Osmo Vänskä hljómsveitarstjóri
Erin Keefe einleikari

FIM **09.02** Kl. **20:00**
Á FERÐ OG FLUGI

Georg Friedrich Händel
Arrival of the Queen of Sheba
Kaija Saariaho
Astreoid 4179: Toutatis
Gustav Mahler
Lieder eines fahrenden Gesellen
Claude Debussy
La mer, lokakafli

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Jóhann Kristinsson einsöngvari
Halla Oddný Magnúsdóttir kynnir

LAU **18.02** Kl. **14:00 og 16:00**
ÆVINTÝRIÐ UM TÖFRAFLAUTUNA
Litli tónsprotinn
Wolfgang Amadeus Mozart
Töfraflautan (í styttri gerð)

Kornilios Michailidis hljómsveitarstjóri
Þórunn Arna Kristjánsdóttir sögumaður
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
Sveinn Dúa Hjörleifsson
Jóhann Kristinsson
Harpa Ósk Björnsdóttir
Bryndís Guðjónsdóttir
einsöngvarar

FIM **23.02** Kl. **19:30**
HOUGH LEIKUR RAKHMANÍNOV

Sergej Rakhmanínov
Píanókonsert nr. 2
Dmitrij Shostakovitsj
Sinfónía nr. 10

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Stephen Hough einleikari

SUN **26.02** Kl. **16:00**
SÆUNN LEIKUR BACH EINLEIKSTÓNLEIKAR

Johann Sebastian Bach
Sellósvíta nr. 1

Benjamin Britten
Sellósvíta nr. 1
Johann Sebastian Bach
Sellósvíta nr. 3
Þuríður Jónsdóttir
48 Images of the Moon
Johann Sebastian Bach
Sellósvíta nr. 5

FÖS **03.03** Kl. **18:00**
ÁRSTÍÐIR Í MÚMÍNDAL FÖSTUDAGSRÖÐ

Lauri Porra
Árstíðir í múmíndal

FIM **09.03** Kl. **19:30**
SUNWOOK KIM LEIKUR BRAHMS

Johannes Brahms
Sinfónía nr. 3
Johannes Brahms
Píanókonsert nr. 2

Bertrand de Billy hljómsveitarstjóri
Sunwook Kim einleikari

LAU **11.03** Kl. **11:30**
BARNASTUND SINFÓNÍUNNAR

Almar Blær Sigurjónsson kynnir

FIM **16.03.** Kl. **20:00**
BERTRAND DE BILLY STJÓRNAR BRAHMS

Johannes Brahms
Sinfónía nr. 2

Bertrand de Billy hljómsveitarstjóri

MIÐ **22.03** –LAU. **25.03**
HARRY POTTER OG LEYNIKLEFINN™

Chris Columbus leikstjóri
John Williams tónlist
Timothy Henty hljómsveitarstjóri

FIM **30.03** Kl. **19:30**
SÆUNN LEIKUR SHOSTAKOVITSJ

Unsuk Chin
Subito con forza
Dmitrij Shostakovitsj
Sellókonsert nr. 1
Ludwig van Beethoven
Sinfónía nr. 6

Dmitry Matvienko hljómsveitarstjóri
Sæunn Þorsteinsdóttir einleikari

FÖS **14.04** Kl.**19:30**
ANNA, SIBELIUS OG TSJAJKOVSKÍJ

Jukka Tiensuu
Voice verser
Anna Þorvaldsdóttir
METACOSMOS
Jean Sibelius
Luonnotar
Þjotr Tsjajkovskíj
Sinfónía nr. 5

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Anu Komsi einsöngvari

20.–28.04
TÓNLEIKAFERÐ TIL BRETLANDS

Anna Þorvaldsdóttir
METACOSMOS
Sergej Rakhmanínov
Píanókonsert nr. 2
Ludwig van Beethoven
Píanókonsert nr. 3
Þjotr Tsjajkovskíj
Sinfónía nr. 5

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Stephen Hough einleikari

LAU. **13.05.** Kl. **14:00**
DÝRASINFÓNÍAN
Litli tónsprotinn
Leopold Mozart
Leikfangasinfónían
Dan Brown
Dýrasinfónían

Alisa Neige Barrière hljómsveitarstjóri
Almar Blær Sigurjónsson sögumaður

FÖS. **19.05.** Kl. **19:30**
FAUST LEIKUR DVOŘÁK

Antonín Dvořák
Fiðlukonsert
Gustav Mahler
Sinfónía nr. 5

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Isabelle Faust einleikari

FIM. **25.05** Kl. **19:30**
UNGIR EINLEIKARAR

Sigurvegarar úr einleikarakeppni SÍ og LHÍ

Nathanaël Iselin hljómsveitarstjóri

FIM. **01.06** Kl. **20:00**
CARMINA BURANA

Carl Orff
Carmina Burana

Gunnsteinn Ólafsson hljómsveitarstjóri
Háskólakórinn
Söngsveitin Fílharmónía
Háskólakórinn í Graz
Skólakór Kársness
Drengjakór Reykjavíkur
Herdís Anna Jónasdóttir
Oddur Arnþór Jónsson
Þorsteinn Freyr Sigurðsson
einsöngvarar

Fim. **08.06.** Kl. **19:30**
HADELICH LEIKUR BRAHMS

Johannes Brahm
Fiðlukonsert
Johannes Brahms
Sinfónía nr. 4

Bertrand de Billy hljómsveitarstjóri
Augustin Hadelich einleikari

TÓNLEIKARAÐIR

RAUÐA RÖÐIN
7 TÓNLEIKAR

Fyrir alla þá sem vilja kraftmikla sinfóníska tónlist beint í æð með íslenskum og erlendum einleikurum í fremstu röð.

FIM **08.09** 19:30 **TRIFONOV SPILAR BEETHOVEN**
Ludwig van Beethoven/Egmont, forleikur **Ludwig van Beethoven**/Pianókonsert nr. 4 **Anna Þorvaldsdóttir**/ARCHORA **Jean Sibelius**/Sinfónía nr. 7 **Eva Ollikainen**/hljómsveitarstjóri **Daníil Trifonov**/einleikari

FIM **03.11** 19:30 **LISIECKI SPILAR CHOPIN**
Karol Szymanowski/Konsertforleikur **Frédéric Chopin**/ Pianókonsert nr. 1 **Jón Nordal**/Adagio fyrir strengi **Witold Lutosławski**/Sinfónía nr. 1 **Eva Ollikainen**/hljómsveitarstjóri **Jan Lisiecki**/einleikari

FIM **17.11** 19:30 **SINFÓNÍSKIR DANSAR**
Páll Ragnar Pálsson/Yfirráðandi kyrrð **Sofia Gubaidulina**/ Konsert fyrir fiðlu, selló og bajan **Sergej Rakhmaninov**/ Sinfónískir dansar **Olari Elts**/hljómsveitarstjóri **Baiba Skride**/ fiðla **Harriet Krijgh**/selló **Elsbeth Moser**/bajan

FIM. **19.01** 19:30 **EVA OG GRUBINGER**
Wolfgang Amadeus Mozart/Sinfónía nr. 35 „Haffner" **Maurice Ravel**/Dafnis og Klói, svíta nr. 2 **Daniel Bjarnason**/ Slagverkskonsert **Eva Ollikainen**/hljómsveitarstjóri **Martin Grubinger**/einleikari

FIM **23.02** 19:30 **HOUGH LEIKUR RAKHMANÍNOV**
Sergej Rakhmaninov/Pianókonsert nr. 2 **Dmitrij Shostakovitsj**/ Sinfónía nr. 10 **Eva Ollikainen**/hljómsveitarstjóri **Stephen Hough**/einleikari

FIM **30.03** 19:30 **SÆUNN LEIKUR SHOSTAKOVITSJ**
Unsuk Chin/Subito con forza **Dmitrij Shostakovitsj**/ Sellókonsert nr. 1 **Ludwig van Beethoven**/Sinfónía nr. 6 **Dmitry Matvienko**/hljómsveitarstjóri **Sæunn Þorsteinsdóttir**/einleikari

FIM **08.06** 19:30 **HADELICH LEIKUR BRAHMS**
Johannes Brahms/Fiðlukonsert **Johannes Brahms**/Sinfónía nr. 4 **Bertrand de Billy**/hljómsveitarstjóri **Augustin Hadelich**/ einleikari

GULA RÖÐIN
7 TÓNLEIKAR

Fyrir þá sem vilja fjölbreytt og litrík meistaraverk úr ýmsum áttum með glæsilegum einleikurum og söngvurum.

FIM **15.09** 19:30 **DÍSELLA OG DANZMAYR**
Charles Ives/Three Places in New England **Wolfgang Amadeus Mozart**/Ach ich liebte, war so glücklich **Leonard Bernstein**/ Glitter and be Gay **Antonín Dvořák**/Sinfónía nr. 9 **David Danzmayr**/hljómsveitarstjóri **Dísella Lárusdóttir**/einsöngvari

FIM **29.09** 19:30 **EVA STJÓRNAR VORBLÓTI**
Anna Þorvaldsdóttir/CATAMORPHOSIS **Veronique Vaka**/ Gemaltan **Daniel Bjarnason**/Bow to String **Igor Stravinskij**/ Vorblót **Eva Ollikainen**/hljómsveitarstjóri **Sæunn Þorsteinsdóttir**/einleikari

FIM **12.01** 19:30 **HOUGH LEIKUR BEETHOVEN**
Christoph Willibald Gluck/Alceste, forleikur **Ludwig van Beethoven**/Pianókonsert nr. 3 **Raminta Šerkšnytė**/Eldar **Claude Debussy**/La mer **Eva Ollikainen**/hljómsveitarstjóri **Stephen Hough**/einleikari

FIM **02.02** 19:30 **OSMO OG ERIN**
Osmo Vänskä/Sinfónía nr. 3 **Osmo Vänskä**/hljómsveitarstjóri **Erin Keefe**/einleikari

FIM **09.03** 19:30 **SUNWOOK KIM LEIKUR BRAHMS**
Johannes Brahms/Sinfónía nr. 3 **Johannes Brahms**/ Pianókonsert nr. 2 **Bertrand de Billy**/hljómsveitarstjóri **Sunwook Kim**/einleikari

FÖS **14.04** 19:30 **ANNA, SIBELIUS OG TSJAJKOVSKÍJ**
Jukka Tiensuu/Voice verser **Anna Þorvaldsdóttir**/ METACOSMOS **Jean Sibelius**/Luonnotar **Pjotr Tsjajkovskij**/ Sinfónía nr. 5 **Eva Ollikainen**/hljómsveitarstjóri **Anu Komsi**/ einsöngvari

FÖS **19.05** 19:30 **FAUST LEIKUR DVOŘÁK**
Antonín Dvořák/Fiðlukonsert **Gustav Mahler**/Sinfónía nr. 5 **Eva Ollikainen**/hljómsveitarstjóri **Isabelle Faust**/einleikari

GRÆNA RÖÐIN
5 TÓNLEIKAR

Skemmtilegustu meistaraverkin og sögurnar á bak við þau. Styttri tónleikar án hlés með kynningum á sviði, auk glæsilegra Vínartónleika.

FIM **06.10** 20:00 **STOLIN STEF**
Igor Stravinskij/Þættir úr Pulcinellasvitunni **Felix Mendelssohn/** Sinfónía nr. 4 „Ítalska" – 4. þáttur **Sergej Rakhmaninov/** Rapsódía um stef eftir Paganini **Daniel Bjarnason/** hljómsveitarstjóri **Dmitry Shishkin**/einleikari **Halla Oddný Magnúsdóttir**/kynnir

FIM **10.11** 20:00 **TÓNELSKIR TÖFRAR**
Wolfgang Amadeus Mozart/Töfraflautan, forleikur **John Williams**/Stef uglunnar Hedwig (úr Harry Potter) **Pablo de Sarasate**/Sigaunaljóð **Paul Dukas**/Lærisveinn galdrameistarans **Igor Stravinskij**/Eldfuglinn (hluti) **Nathanaël Iselin/** hljómsveitarstjóri **Sigrún Eðvaldsdóttir**/einleikari **Halla Oddný Magnúsdóttir**/kynnir

FIM **05.01** – LAU **07.01** **VÍNARTÓNLEIKAR**
Operettutónlist, valsar og polkar. **Keri-Lynn Wilson**/hljómsveitarstjóri **Jóhann Kristinsson, Álfheiður Erla Guðmundsdóttir**/einsöngvarar

FIM **09.02** 20:00 **Á FERÐ OG FLUGI**
Georg Friedrich Händel/Arrival of the Queen of Sheba **Kalija Saariaho**/Ástreoid 4179: Toutatis **Gustav Mahler**/Lieder eines fahrenden Gesellen **Claude Debussy**/La mer, lokakafli **Eva Ollikainen**/hljómsveitarstjóri **Jóhann Kristinsson**/einsöngvari **Halla Oddný Magnúsdóttir**/kynnir

FIM **16.03** 20:00 **BERTRAND DE BILLY STJÓRNAR BRAHMS**
Johannes Brahms/Sinfónía nr. 2 **Bertrand de Billy**/hljómsveitarstjóri

FÖSTUDAGSRÖÐIN
4 TÓNLEIKAR

Afslappaðir og skemmtilegir tónleikar í Norðurljósum þar sem þú kynnist nýjum hliðum á listamönnum starfsársins.

FÖS **30.09** 18:00 **SKÓGARKYRRÐ MEÐ SÆUNNI**
Veronique Vaka/nýtt verk fyrir einleikssselló **Pierre Boulez/** Messagesquisse **Jane Antonia**/Cornish Nocturne nr. 2 **Gity Razaz**/Strange Highway **Antonín Dvořák**/Skógarkyrrð **Nathanaël Iselin**/hljómsveitarstjóri **Sæunn Þorsteinsdóttir**/einleikari **Hljóðfæraleikarar úr SÍ**

FÖS **18.11** 18:00 **ÆSKUVERK MEÐ BAIBU OG HARRIET**
Dmitrij Shostakovitsj/Tvö verk fyrir strengjaoktett op. 11 **Felix Mendelssohn**/Strengjaoktett op. 20 **Baiba Skride**/Harriet Krijgh **Hljóðfæraleikarar úr SÍ**

FÖS **13.01** 18:00 **PORTRETT AF STEPHEN HOUGH**
Einleikstónleikar
Claude Debussy/Estampes **Stephen Hough**/Partíta **Franz Liszt/** Petrarca-sonnetta nr. 123 **Franz Liszt**/Dante-sónata

FÖS **03.03** 18:00 **ÁRSTÍÐIR Í MÚMÍNDAL**
Lauri Porra/Árstíðir í múmíndal

LITLI TÓNSPROTINN
4 TÓNLEIKAR

Fjölskyldutónleikar þar sem yngstu gestirnir kynnast töfrum tónlistarinnar. Hrífandi ævintýri sem heilla börn á öllum aldri.

LAU. **24.09** 14:00 og 16:00 **PÉTUR OG ÚLFURINN OG TOBBI TÚBA**
Pétur og úlfurinn/Sergej Prokofiev **Tobbi túba**/George Kleinsinger **Daniel Bjarnason**/hljómsveitarstjóri **Halldóra Geirharðsdóttir**/sögumaður **Nimrod Ron**/einleikari

LAU **17.12** 14:00 SUN **18.12** 14:00 **JÓLATÓNLEIKAR**
Mirian Khukhunaishvili/hljómsveitarstjóri **Halldóra Geirharðsdóttir**/kynnir **Alexander Jari Þorsteinsson, Björk Níelsdóttir, Kolbrún Völkudóttir**/einsöngvarar **Stúlknakór Reykjavíkur, Dansarar úr Listdansskóla Íslands, Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar, Táknmálskórinn Litlu sprotarnir** og fleiri tónlistarhópar

LAU. **18.02** 14:00 **ÆVINTÝRIÐ UM TÖFRAFLAUTUNA**
Wolfgang Amadeus Mozart/Töfraflautan (í styttri gerð) **Kornilios Michailidis**/hljómsveitarstjóri **Þórunn Arna Kristjánsdóttir/** sögumaður **Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað, Sveinn Dúa Hjörleifsson, Jóhann Kristinsson, Harpa Ósk Björnsdóttir, Bryndís Guðjónsdóttir**/einsöngvarar

LAU **13.05** 14:00 **DÝRASINFÓNÍAN**
Leopold Mozart/ Leikfangasinfónían **Dan Brown**/Dýrasinfónían **Alisa Neige Barrière**/hljómsveitarstjóri **Almar Blær Sigurjónsson**/sögumaður

SVARTA RÖÐIN
4 TÓNLEIKAR

Sérstök tónleikaröð með fernum tónleikum þar sem Sæunn Þorsteinsdóttir staðarlistamaður starfsársins er í einleikshlutverki.

FIM **29.09** 19:30 **EVA STJÓRNAR VORBLÓTI**
Anna Þorvaldsdóttir/CATAMORPHOSIS **Veronique Vaka**/Gemaltan **Daniel Bjarnason**/Bow to String **Igor Stravinskij**/Vorblót **Eva Ollikainen**/hljómsveitarstjóri **Sæunn Þorsteinsdóttir**/einleikari

FÖS **30.09** 18:00 **SKÓGARKYRRÐ MEÐ SÆUNNI**
Veronique Vaka/nýtt verk fyrir einleikssselló **Pierre Boulez/** Messagesquisse **Jane Antonia**/Cornish Nocturne nr. 2 **Gity Razaz**/Strange Highway **Antonín Dvořák**/Skógarkyrrð **Nathanaël Iselin**/hljómsveitarstjóri **Sæunn Þorsteinsdóttir**/einleikari **Hljóðfæraleikarar úr SÍ**

SUN **26.02** 16:00 **SÆUNN LEIKUR BACH**
Einleikstónleikar
Johann Sebastian Bach/Sellósvíta nr. 1 **Benjamin Britten/** Sellósvíta nr. 1 **Johann Sebastian Bach**/Sellósvíta nr. 3 **Þuríður Jónsdóttir**/48 Images of the Moon **Johann Sebastian Bach/** Sellósvíta nr. 5

FIM **30.03** 19:30 **SÆUNN LEIKUR SHOSTAKOVITSJ**
Unsuk Chin/Subito con forza **Dmitrij Shostakovitsj**/ Sellókonsert nr. 1 **Ludwig van Beethoven**/Sinfónía nr. 6 **Dmitrij Matvienko**/hljómsveitarstjóri **Sæunn Þorsteinsdóttir**/einleikari

ÝMSIR TÓNLEIKAR

Boðið er upp á fjölbreytta tónleika utan tónleikaraða sem eru tilvaldir á Regnbogakort. Allt frá Harry Potter til Carmina Burana.

LAU **20.08** Kl. 17 og 15 **OPIÐ HÚS Á MENNINGARNÓTT**
Undur jarðar með Stjörnu-Sævari kl. 15:00 Sævar Helgi Bragason/kynnir **Kornilios Michailidis**/hljómsveitarstjóri **Maraþontónleikar kl. 17:00**
Kornilios Michailidis/hljómsveitarstjóri **Jón Jónsson**/kynnir

FÖS **02.09** Kl. 20:00 **KLASSÍKIN OKKAR**
Einleikaraveisla
Daniel Bjarnason/hljómsveitarstjóri **Ari Þór Vilhjálmsson Disella Lárusdóttir, Erna Vala Arnardóttir, Julia Hantschel, Mikolaj Frach, Sigurður Flosason, Rannveig Marta Sarc, Steiney Sigurðardóttir, Edda Erlendsdóttir, Stefán Jón Bernharðsson** og fl. einleikarar **Halla Oddný Magnúsdóttir/** kynnir **Guðni Tómasson**/kynnir

LAU **10.09** 20:00 **DANIIL TRIFONOV**
Einleikstónleikar
Pjotr Tsjajkovskij/Myndabók æskunnar **Robert Schumann/** Fantasía op. 17 **Wolfgang Amadeus Mozart**/Fantasía í c-moll, K. 475 **Maurice Ravel**/Ljóspard de la nuit **Alexander Skrjabin/** Pianósónata nr. 5, op. 53

SUN **25.09** KL. 17:00 **UNGSVEITIN SPILAR RAKHMANÍNOV**
Sergej Rakhmaninov/Sinfónía nr. 2 **Ungsveit Sinfoníuhljómsveitar Íslands**
Kornilios Michailidis/hljómsveitarstjóri

FIM **13.10** 19:30 **NÝTT OG NORRÆNT**
Outi Tarkiainen/The Ring of Fire and Love **Idin Samimi Mofakham**/Zurvān **Lisa Streich**/Segel **Gunnar Karel Másson**/Nýtt verk **Jesper Nordin**/Ár **Anna-Maria Helsing/** hljómsveitarstjóri

FIM **27.10** 20:00 **LAUFEY OG SINFÓ**
Tónlist Laufeyjar í hljómsveitarútsetningum ásamt þekktum jazzperlum
Hugh Brunt/hljómsveitarstjóri
Laufey/einsöngvari og einleikari

FIM **01.12** 19:30 **AÐVENTUTÓNLEIKAR**
María Antonía Walpurgis/Talestri, forleikur **Antonio Vivaldi/** Cessate, omai cessate (úr kantötu RV 684) **Antonio Vivaldi/** Konsert fyrir fiðlu og selló í B-dúr **Georg Friedrich Händel/** Ombra mai fu (úr Xerxes) **Georg Friedrich Händel**/Vivi tiranno (úr Rodelinda) **Wolfgang Amadeus Mozart**/Sinfónía nr. 40 **Jonathan Cohen**/hljómsveitarstjóri **Tim Mead**/einsöngvari **Dúo Edda**/einleikarar

FIM **26.01** 19:30 **FLEKASKIL**
Haukur Tómasson/It Relaxes Me, the Repetition **Ingibjörg Yr Skarphéðinsdóttir**/Pons papilloma **Askell Másson**/Capriccio **Kjartan Ólafsson**/Mar **Gunnar Andreas Kristinsson**/Flekar **Nathanaël Iselin**/hljómsveitarstjóri **Askell Másson, Sigrún Eðvaldsdóttir, Bryndís Halla Gylfadóttir, Grímur Helgason/** einleikarar

FÖS **27.01** 12:15 **HRINGLA**
Bára Gísladóttir/the worlds within our petty voids **VAPE**/Hringla Bára Gísladóttir/einleikari **Nathanaël Iselin**/hljómsveitarstjóri

MIÐ.**22.03** – LAU **25.03** **HARRY POTTER OG LEYNIKLEFINN™**
Chris Columbus/leikstjóri **John Williams**/tónlist **Timothy Henty**/hljómsveitarstjóri

FIM **25.05** 19:30 **UNGIR EINLEIKARAR**
Sigurvegarar úr einleikarakeppni SÍ og LHÍ Nathanaël Iselin/ hljómsveitarstjóri

FIM **01.06** 20:00 **CARMINA BURANA**
Carl Orff/Carmina Burana **Gunnsteinn Ólafsson/** hljómsveitarstjóri **Háskólakórinn, Söngsveitin Fílharmónía, Háskólakórinn í Graz, Skólakór Kárness, Drengjakór Reykjavíkur, Herdís Anna Jónasdóttir, Oddur Arnþór Jónsson, Þorsteinn Freyr Sigurðsson**/einsöngvarar

SKANNAÐU OG HLUSTAÐU

Við áskriftaraðir er að finna Spotify-kóða. Þú finnur lagalistann með því að smella á myndavélartáknið í Spotify-appinu í símanum og tekur mynd af kóðanum. Þannig getur þú hlustað á verkin og kynnt þér dagskrána betur.

ÁSKRIFTARKORT

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ SNILLD

Áskrift veitir **20% afslátt** af almennu miðaverði.

Áskrifendur fá **10% afslátt** af viðbótarmiðum á alla tónleika og af gjafakortum hljómsveitarinnar.

Tvær áskriftaraðir veita **25% afslátt** af miðaverði og þrjár áskriftaraðir veita **30% afslátt** af miðaverði.

Áskrifendur ganga alltaf að sætum sínum vísum og eiga forkaupsrétt á þeim þegar áskrift er endurnýjuð.

Nánari upplýsingar er að finna á sinfonia.is.

MIÐASALA

Sala og endurnýjun áskrifta fer fram í miðasölu Hörpu og á **sinfonia.is .** Upplýsingar um sætaskipan í Eldborg er að finna á blaðsíðu 75.

Sími 528 5050.

NOKKRAR TILLÖGUR AÐ REGNBOGAKORTI

STÓRBROTIÐ OG SPENNANDI

Ómissandi á Regnbogakort þeirra sem vilja kraftmikla og stórbrotna sinfóníutónleika.

08.09
Trifanov spilar Beethoven

15.09
Dísella og Danzmayr

29.09
Eva stjórnar Vorblóti

17.11
Sinfónískir dansar

23.02
Hough leikur Rakhmanínov

14.04
Anna, Sibelius og Tsjajkovskíj

19.05
Faust leikur Dvořák

01.06
Carmina Burana

FJÖLBREYTT OG FREISTANDI

Fjölbreytt og öðruvísi tónlist fyrir öll áhugasvið.

02.09
Klassíkin okkar - Einleikaraveisla

06.10
Stolin stef

27.10
Laufey og Sinfó

18.11
Baiba og Harriet í Föstudagsröðinni

05.-07.01
Vínartónleikar

22.-25.03
Harry Potter og leyniklefinn™

03.03
Árstíðir í múmíndal

13.01
Stephen Hough í Föstudagsröðinni

EINLEIKARAR Í FREMSTU RÖÐ

Þessir einleikarar og söngvarar á heimsmælikvarða eiga heima á öllum Regnbogakortum.

08.09 | 10.09
Daniil Trifonov

29.09 | 30.09 | 26.02 | 30.03
Sæunn Þorsteinsdóttir

06.10
Dmitry Shishkin

03.11
Jan Lisiecki

12.01 | 13.01 | 23.02
Stephen Hough

19.01
Martin Grubinger

09.02
Jóhann Kristinsson

09.03
Sunwoon Kim

14.04
Anu Komsi

19.05
Isabelle Faust

08.06
Augustin Hadelich

ÍSLENSKA OG NORRÆNA RÖÐIN

Íslensk og norræn tónlist og sólistar í fremstu röð.

08.09
Anna Þorvaldsdóttir

15.09
Dísella Lárusdóttir

29.09
Daníel Bjarnason, Veronique Vaka og Anna Þorvaldsdóttir

13.10
Nýtt og norrænt

17.11
Páll Ragnar Pálsson

05-07.01
Jóhann Kristinsson og Álfheiður Erla Guðmundsdóttir

19.01
Daníel Bjarnason

26.-27.01
Myrkir músíkdagar

02.02
Osmo Vänskä

14.04
Anu Komsi og Anna Þorvaldsdóttir

REGNBOGAKORT

FYRIR ÞÁ SEM VILJA SETJA SAMAN SÍNA EIGIN TÓNLEIKARÖÐ

Með Regnbogakorti getur þú valið þá tónleika sem höfða mest til þín af öllum tónleikum starfsársins og tryggt þér gott sæti með **20% afslætti**. Hægt er að kaupa Regnbogakort með minnst fernum tónleikum.

Námsmenn, 25 ára og yngri, fá **50% afslátt** af miðaverði á sitt Regnbogakort í verðsvæðum 2 og 3 í miðasölu Hörpu.

SKÓLAKORT

FYRIR TÓNLISTARNEMA OG UNGT FÓLK, 25 ÁRA OG YNGRA

Miði á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands samdægurs á **2.100 kr.** með Skólakorti.

Hægt er að fá miða hvar sem er í salnum eftir því hvað er laust.

Skráðu þig fyrir Skólakorti í miðasölu eða á **sinfonia.is/skolakort**

Eins og ferskur andblær

EVA OLLIKAINEN, AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS, SPJALLAR UM KOMANDI STARFSÁR OG HORFIR TIL FRAMTÍÐAR.

Fyrstu tvö ár Evu Ollikainen í hlutverki aðalhljómsveitarstjóra hafa verið óvenjuleg – af ástæðum sem flestum eru kunnar. „Ég hlakka óskaplega til að eiga heilt starfsár með hljómsveitinni og geta raunverulega fylgt eftir þeirri dagskrá sem ákveðin hefur verið, því hún er óvenjulega spennandi," segir Eva létt í bragði, enda voru breytingar á efnisskrá, tónleikaformi og dagsetningum tónleika daglegt brauð meðan öldur heimsfaraldursins gengu yfir.

Eva stjórnar mörgum og fjölbreyttum tónleikum á starfsárinu – meðal annars upphafstónleikunum 8. september, sem segja má að gefi tóninn fyrir það sem á eftir kemur. „Við erum afar spennt að fá til okkar Daniil Trifonov sem einleikara í fjórða píanókonsert Beethovens og sömuleiðis að frumflytja á Íslandi nýtt verk Önnu Þorvaldsdóttur, ARCHORA," en Eva stjórnar sjálf heimsfrumflutningi verksins fáeinum vikum fyrr með Fílharmóníusveit breska ríkisútvarpsins BBC á PROMS-tónlistarhátíðinni viðfrægu, auk þess að stjórna bandarískum frumflutningi verksins með Fílharmóníusveit Los Angeles skömmu síðar. „Svo er það Sibelius 7 – stórbrotin tónsmíð," segir Eva ákveðin, en verk landa hennar, Sibelíusar er einnig á efnisskrá í apríl þegar hún stjórnar tónaljóðinu Luonnotar. Finnska sópransöngkonan Anu Komsi syngur þar einsöngshlutverkið, en texti verksins er fenginn úr Kalevala-sagnabálkinum og fjallar um upphaf heimsins.

Meðal annarra hápunkta á komandi starfsári að mati Evu eru tónleikar þriðja nóvember þar sem pólsk tónlist er í aðalhlutverki og pólskættaði píanóleikarinn Jan Lisiecki leikur fyrri píanókonsert Chopin. Tónleikarnir eru helgaðir minningu Bohdan Wodiczko, sem var aðalhljómsveitarstjóri SÍ frá 1965-68. „Ég er sérlega spennt að rifja upp sameiginleg kynni okkar hljómsveitarinnar af Lutoslawski," segir Eva. „Við fluttum þriðju sinfóníu hans 2019 og mér fannst eins og bæði hljómsveit og áheyrendur féllu fyrir þessu magnaða tónskáldi," segir Eva, en skömmu eftir þessa tónleika var Eva einmitt skipuð aðalhljómsveitarstjóri SÍ.

AÐ FANGA TÍÐARANDANN

„Ég er líka sérstaklega glöð að geta boðið upp á svona mikið af samtímatónlist á tónleikunum okkar," segir Eva. „Þar á meðal eru tónskáld sem eru íslenskum tónleikagestum að góðu kunn, svo sem Anna Þorvaldsdóttir, Daníel Bjarnason, Kaija Saariaho, Veronique Vaka, Páll Ragnar Pálsson og Jón Nordal. En ég er líka mjög glöð að geta stjórnað verkum tónskálda sem ekki hafa ratað á tónleikapall hjá okkur áður – þetta eru tónskáld eins og hin litháíska Raminta Šerkšnytė, hin kóreska Unsuk Chin og Finninn Jukka Tiensuu. Persónulega finnst mér mikilvægt að halda tengslum við tónskáld samtímans, því það eru þau sem grípa tíðarandann og miðla í tónlistinni. Þeirra tónlist talar á einhvern hátt sterkast til okkar."

ÞAKKLÆTI OG METNAÐUR EFTIR HEIMSFARALDUR

Þó síðustu tvö ár hafi oft verið snúin í tónlistarheiminum er tilfinningin sem Eva tekur með sér inn í komandi starfsár fyrst og fremst þakklæti. „Það fylgir því þakklæti að taka hlutunum ekki sem gefnum, og að horfast í augu við hversu lánsöm við erum að geta unnið við það sem við höfum brennandi ástríðu fyrir. Það er í raun ekki vinna, þegar maður lifir fyrir ástríðu sína."

> „Ósk mín fyrir framtíðina er sú að hljómur okkar verði auðþekktur og sérstakur."

Eitt af því sem Eva er sérlega þakklát fyrir á komandi starfsári er tækifærið til að stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikaferð, en ein slík er fyrirhuguð til Bretlands í apríl. „Eftir heimsfaraldurinn er það enn meira tilhlökkunarefni en ella að geta farið út fyrir landsteinana með hljómsveitinni" segir Eva. „Það verður án efa skemmtileg lífsreynsla að koma fram í sumum af bestu tónlistarhúsum Bretlands. Bæði er það mikilvægt fyrir andann í hópnum að stíga út úr þægindarammanum heima fyrir og reyna sig á heimssviðinu, en það er líka ómetanlegt, faglega, að fá tækifæri til að leika sömu efnisskrárnar aftur og aftur í mismunandi akústík og aðstæðum. Það verður enn sterkari og betri hljómsveit sem snýr aftur heim, reynslunni ríkari," segir Eva.

Meðal meginmarkmiða Evu sem aðalhljómsveitarstjóra er einnig að leggja rækt við hljómblæ hljómsveitarinnar – þróa hennar einstaka hljóm. „Ég vil kanna áfram það sem kalla mætti okkar eigin hljóm, þó vissulega hljómum við með ýmsum hætti í verkum frá ólíkum tímum. Þetta markmið fléttast svo saman við önnur listræn markmið – hvaða listamenn við fáum til samstarfs við okkur og verk hvaða tónskálda við fáumst við. Ósk mín fyrir framtíðina er sú að hljómur okkar verði auðþekktur og sérstakur og að efnisskrár okkar yfir starfsárið verði lesnar með sérstakri spennu og eftirtekt. Við viljum hafa eitthvað alveg sérstakt fram að færa - vera eins og ferskur andblær í tónlistarheiminum," segir Eva Ollikainen, full af sköpunarkrafti og eftirvæntingu fyrir komandi starfsári.

20.08 **LAUGARDAGUR**
kl. 15:00 og 17:00

ELDBORG

Opið hús á Menningarnótt

Á Menningarnótt í Reykjavík býður Sinfóníuhljómsveit Íslands á tvenna tónleika. Aðgangur á tónleikana er ókeypis, hægt er að sækja miða á sinfonia.is eða í miðasölu Hörpu á tónleikadegi frá kl. 11.00. Öll eru velkomin á meðan húsrúm leyfir.

Kornilios Michailidis
hljómsveitarstjóri

UNDUR JARÐAR MEÐ STJÖRNU-SÆVARI KL. 15:00
Á Menningarnótt verður haldið í magnað ferðalag í tali og tónum þar sem undur veraldar eru meginstefið. Gestir fá að kynnast töfrum jarðar og alheimsins undir leiðsögn StjörnuSævars og hlýða á stórbrotin og litrík tónverk sem skírskota til fyrirbæra úr náttúrunni. Haldið verður aftur í tímann þegar jörðin varð til og litið á eld og ís, höf og eyðimerkur, veðrið, lífið sjálft og hvernig við tengjumst þessu öllu. Meðal annars hljóma verk eftir Richard Strauss, John Williams og Wolfgang Amadeus Mozart. Sævar Helgi er landsþekktur fyrir þekkingu sína og ástríðu fyrir himingeimnum.

MARAÞONTÓNLEIKAR KL. 17:00
Á seinni tónleikunum á Menningarnótt kynnir Jón Jónsson klassíska hlaupalagalistann með dyggri aðstoð hljómsveitarinnar en Reykjavíkurmaraþon verður hlaupið í 39. sinn þennan dag. Margir meðlimir Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa tekið þátt í hlaupinu undanfarin ár og fjölmargir hlauparar eru dyggir áheyrendur sinfónískrar tónlistar. Leikin verður fjörmikil og hressileg tónlist til heiðurs þeim sem lokið hafa hlaupi þennan dag – en einnig öllum hinum sem fylgdust með af hliðarlínunni og hvöttu sitt fólk til dáða. Þetta verða bráðskemmtilegir tónleikar sem öll fjölskyldan getur notið saman og hver veit nema að Jón Jónsson taki einnig lagið með stærstu hljómsveit landsins.

02.09 **FÖSTUDAGUR**
Kl. 20:00

ELDBORG

Klassíkin okkar

EINLEIKARAVEISLA

Undanfarin sex ár hafa Sinfóníuhljómsveit Íslands og RÚV efnt til glæsilegra tónleika í beinni sjónvarpsútsendingu undir yfirskriftinni „Klassíkin okkar“, en þeir hafa notið mikilla vinsælda og eru löngu orðnir fastur punktur í tónleikaárinu. Nú verður athyglinni beint að einleikskonsertinum og spannar litrík efnisskráin fjölda vinsælla og hrífandi konsertkafla frá ýmsum tímum.

Meðal gimsteina konsertbókmenntanna sem hljóma á tónleikunum má nefna kafla úr hornkonserti Mozarts, sellókonserti nr. 1 eftir Shostakovitsj og píanókonserti nr. 1 eftir Chopin, að ógleymdum lokakaflanum úr fiðlukonserti Tsjajkovskíjs.

Framúrskarandi einleikarar á ýmis hljóðfæri koma fram í þessari einstöku dagskrá þar sem töfrar einleikskonsertsins verða í algleymingi. Hljómsveitarstjóri er Daníel Bjarnason sem hefur stjórnað Klassíkinni okkar frá upphafi.

Daníel Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Halla Oddný Magnúsdóttir
Guðni Tómasson
kynnar

Ari Þór Vilhjálmsson
Dísella Lárusdóttir
Erna Vala Arnardóttir
Julia Hantschel
Mikolaj Frach
Sigurður Flosason
Rannveig Marta Sarc
Steiney Sigurðardóttir
Edda Erlendsdóttir
Stefán Jón Bernharðsson
og fleiri einleikarar kynntir síðar

08.09 **FIMMTUDAGUR**
Kl. 19:30

Tónleikakynning
Kl. 18:00

ELDBORG

Trifonov spilar Beethoven

UPPHAFSTÓNLEIKAR

Daniil Trifonov er einn dáðasti píanóleikari samtímans – „tvímælalaust undraverðasti píanisti okkar tíma," skrifar gagnrýnandi stórblaðsins *The Times* um leik hans. Trifonov skaust upp á stjörnuhimininn þegar hann bar sigur úr býtum í Tsjajkovskíj-keppninni í Moskvu árið 2011, tvítugur að aldri, en síðan hafa honum m.a. hlotnast Grammy-verðlaun auk þess sem tímaritin *Gramophone* og *Musical America* hafa útnefnt hann Tónlistarmann ársins. Hann hefur hljóðritað fjölda platna fyrir Deutsche Grammophon og hefur leikið með öllum helstu hljómsveitum heims ásamt því að gegna stöðu staðarlistamanns hjá Fílharmóníusveitunum í New York og Berlín. Nú leikur Trifonov með Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn, hinn ljóðræna og hrífandi píanókonsert nr. 4 eftir Beethoven.

Tónleikarnir hefjast á hinum kraftmikla Egmont-forleik, þar sem Beethoven túlkar harmræn örlög manns sem fórnar lífi sínu í stríði gegn yfirráðum Spánverja á 16. öld.

Anna Þorvaldsdóttir hefur á undanförnum árum skipað sér í fremstu röð tónskálda á heimsvísu og nýtur fádæma hylli fyrir verk sín. Hún hefur m.a. samið fyrir Fílharmóníusveit Berlínar og hlotið fjölda alþjóðlegra viðurkenninga fyrir verk sín. Nýjasta hljómsveitarverk Önnu, *ARCHORA*, verður frumflutt sumarið 2022 á PROMS-tónlistarhátíð BBC í Royal Albert Hall í Lundúnum, og hljómar því næst á Íslandi við upphaf nýs tónleikaárs. Hljómsveitir víða um heim hafa þegar sett verkið á efnisskrár sínar enda telst nýtt verk eftir Önnu Þorvaldsdóttur heimsviðburður.

Tónleikunum lýkur með hinni magnþrungnu sinfóníu nr. 7 eftir Jean Sibelius. Þetta var síðasta sinfónían sem finnski meistarinn sendi frá sér, aðeins fáeinum árum áður en hann lagði tónsmíðar á hilluna fyrir fullt og allt. Sinfónían er sérlega frumleg og hrífandi, og hér er aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar, hin finnska Eva Ollikainen, bókstaflega á heimavelli.

Ludwig van Beethoven
Egmont, forleikur

Ludwig van Beethoven
Píanókonsert nr. 4

Anna Þorvaldsdóttir
ARCHORA

Jean Sibelius
Sinfónía nr. 7

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Daniil Trifonov
einleikari

10.09 **LAUGARDAGUR**
Kl. 20:00

ELDBORG

Pjotr Tsjajkovskíj
Myndabók æskunnar

Robert Schumann
Fantasía op. 17

Wolfgang Amadeus Mozart
Fantasía í c-moll, K. 475

Maurice Ravel
Gaspard de la nuit

Alexander Skrjabín
Píanósónata nr. 5, op. 53

Daniil Trifonov

EINLEIKSTÓNLEIKAR

Hinn heimsþekkti píanóleikari Daniil Trifonov leikur spennandi efnisskrá á þessum einleikstónleikum: Verk eftir Tsjajkovskíj, tvær fantasíur eftir Schumann og Mozart ásamt *Gaspard de la nuit* eftir Ravel og píanósónötu nr. 5 eftir Skrjabín.

Þetta eru fyrstu einleikstónleikar Trifonovs á Íslandi og eru þeir haldnir í framhaldi af tónleikum hans með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Schumann skrifaði fantasíu sína (op. 17) árið 1836 en hún var ekki gefin út fyrr en þremur árum síðar, þá örlítið breytt, og var tileinkuð Franz Liszt. Verkið er í hópi þeirra dáðustu sem Schumann skrifaði fyrir einleikspíanó og er meðal meginverka rómantíska tímabilsins fyrir hljóðfærið.

Mozart samdi c-moll fantasíu sína (K. 475) í maí árið 1785, þá 26 ára gamall. Hér má merkja áhrif frá feðgunum J.S. Bach og C.P.E. Bach, en verkið skiptist í fimm hluta sem sveiflast frá drunga yfir í bjartara tónmál.

Gaspard de la nuit eftir Ravel var frumflutt í janúar árið 1909 en það skiptist í þrjá hluta sem byggðir eru á fantasíu eftir Aloysius Bertrand, *Gaspard de la Nuit – Fantaisies à la manière de Rembrandt et de Callot*. Verkið þykir eitt hið tæknilega erfiðasta í píanóbókmenntunum.

Og talandi um tæknilega erfið verk, þá skipar 5. píanósónata Skrjabíns sér ræðilega í þann hóp. Verkið var samið 1907 og er í einum þætti. Það er almennt álitið í hópi erfiðustu verka Skrjabíns í flutningi, bæði tæknilega og tónlistarlega.

Tónlist er til þess fallin að sameina fólk

PÍANISTINN DANIIL TRIFONOV TEKINN TALI

Daniil Trifonov er heimsþekkur píanisti og einn eftirsóttasti einleikari veraldar. Hann kemur nú í fyrsta skipti fram á Íslandi, bæði með Sinfóníuhljómsveit Íslands og á einleikstónleikum í Eldborg. Hann er búsettur í Bandaríkjunum og nam m.a. hjá Sergei Babayan við Cleveland Institute of Music. Trifonov er margverðlaunaður og bar meðal annars sigur úr býtum í Tsjajkovskíj-keppninni árið 2011, þá tvítugur að aldri. Þá hefur hann verið staðarlistamaður hjá fílharmóníusveitunum í Berlín og New York. Trifonov hljóðritar fyrir Deutsche Grammophon og hafa upptökur með honum hlotið margháttaðar viðurkenningar, m.a. Grammy-verðlaun, auk þess sem þær hafa jafnan dvalið lengi á metsölulistum á borð við Billboard Top Classical Album. Við slógum á þráðinn til Trifonovs þar sem hann var staddur í New York-borg og byrjum á að forvitnast aðeins um fjórða píanókonsert Beethovens sem Trifonov leikur á opnunartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á nýju starfsári.

Ég hef verið að læra alla píanókonserta Beethovens. Ég byrjaði á að læra fyrsta konsertinn og svo þann fimmta. Þá kom númer þrjú og síðast tvö og fjögur en síðasta konsertinn sem ég nefni lék ég fyrst síðasta sumar og hann á auðvitað sérstakan stað í hjörtum allra píanista.“ Aðspurður að því hvort við megum eiga von á klassískri eða rómantískri túlkun segir Trifonov: „Það er ekki svo einfalt. Ég hef alltaf verið áhugasamur um söguna og hvernig hljóðfæri hafa breyst, til að mynda hvernig Bach er leikinn á sembal og HIP-hreyfingin [Historically Informed Performances] er mjög athyglisverð. Þegar ég var að læra í Cleveland gat maður bókað æfingaherbergi í fimm tíma í einu en ég fór aðra leið, bókaði fleiri herbergi í styttri tíma til þess að leika á fleiri hljóðfæri og venjast þeim. Hljóðfærið sjálft skiptir nefnilega máli en líka hljómburður og svo eru píanistar mjög misjafnir. Maður þarf líka að gæta sín á því hvað virkar á nútímahljóðfæri. Þannig að ég myndi ekki segja klassík eða rómantík, heldur verður maður að taka mið af aðstæðum. Það sem skiptir mestu máli er hugur og hjarta píanistans sjálfs. Það er líka til mikið af fínum túlkunum á þessum konserti en mig langar að nefna upptöku sem var gerð á tónleikum í Bristol árið 1976 með Radu Lupu sem er í miklu uppáhaldi hjá mér.“

ÞAÐ SEM SKIPTIR MESTU MÁLI ER HUGUR OG HJARTA PÍANISTANS SJÁLFS

Einleiksprógramm Trifonovs í Hörpu er mjög krefjandi fyrir píanóleikarann, verk eftir Tsjajkovskíj, Mozart, Schumann, Ravel og Skrjabín. Aðspurður hvernig hann setti prógrammið saman segir Trifonov: „Ég er ekki alltaf með sérstakt þema á einleikstónleikum en það má kannski segja að á þessum tónleikum sé fantasían í aðalhlutverki, verkin tengjast öll þessu formi, hvort sem það er Mozart, Schumann eða þá Ravel og Skrjabín. Svo er verk Tsjajkovsíjs ekki mikið flutt sem ég hef aldrei almennilega skilið, þetta er eitt af hans innblásnari verkum.“

Trifonov er einn eftirsóttasti píanisti veraldar og þá liggur beint við að spyrja hvernig hann deilir tíma sínum, milli þess að koma annars vegar fram á tónleikum og hins vegar æfa sig og læra ný verk? „Það fer eftir ýmsu“, segir hann. „Síðustu misseri hafa auðvitað verið mjög sérstök og ég hef getað æft mikið og lært mikið í kófinu. Þá var auðvitað lítið af tónleikum. En í venjulegu árferði reyni ég að koma ekki mikið meira fram en í þrjár vikur í senn og nota svo tímann þar á milli til æfinga og að læra meira. En þetta er auðvitað ákveðin jafnvægislist.“

Trifonov hlakkar til að koma til Íslands og leika með Sinfóníuhljómsveit Íslands og svo á einleikstónleikunum í Hörpu. „Mig langar að þakka fyrir að fá að koma til landsins og mér finnst tónlist einmitt til þess fallin að sameina fólk. Svo vonast ég líka til þess að fá tækifæri til þess að skoða mig aðeins um og sjá landið.“

„Mig langar að þakka fyrir að fá að koma til landsins og mér finnst tónlist einmitt til þess fallin að sameina fólk.“

15.09 **FIMMTUDAGUR**
KL. 19:30

ELDBORG

Dísella og Danzmayr

Tónleikakynning
Kl. 18:00

Charles Ives
Three Places in New England

Wolfgang Amadeus Mozart
Ach ich liebte, war so glücklich (úr Brottnáminu úr Kvennabúrinu)

Leonard Bernstein
Glitter and be Gay (úr Birtíngi)

Antonín Dvořák
Sinfónía nr. 9 *„Úr nýja heiminum“*

David Danzmayr
hljómsveitarstjóri

Dísella Lárusdóttir
einsöngvari

Á þessum tónleikum hljóma ýmis verk með tengsl við nýja heiminn undir stjórn Davids Danzmayr, sem nýtur mikillar velgengni sem hljómsveitarstjóri vestanhafs. Sinfónían *„Úr nýja heiminum“* er eitt af lykilverkum í þjóðlegri sinfóníusmíði 19. aldar, en hana samdi Dvořák þegar hann var búsettur í Bandaríkjunum. Frumkvöðullinn Charles Ives sækir líka innblástur í tónlist heimamanna vestra, þar á meðal í ættjarðarsöngva, hergöngulög og sálma, en *Þrír staðir í Nýja Englandi* er meðal vinsælustu tónsmíða hans.

Dísella Lárusdóttir hefur unnið hvern listrænan sigurinn á fætur öðrum sem söngkona við Metrópólitan-óperuna í New York. Söngur hennar hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda, til að mynda í stórblaðinu New York Times, sem hrósaði henni fyrir fádæma nákvæmni í bland við magnaða túlkun í óperu Philips Glass, *Akhnaten*. Fyrir hljóðritun á þeirri óperu hlutu Dísella og félagar á Metrópólitan Grammy-verðlaun í apríl 2022. Nú syngur Dísella bæði tregablandna aríu Konstönsu úr *Brottnáminu úr kvennabúrinu* eftir Mozart og virtúósískan söng Kúnígúndar, *Glitter and be Gay*, úr *Birtíngi* eftir Leonard Bernstein.

17.09 **LAUGARDAGUR**
KL. 11:30

FLÓI

Barnastund Sinfóníunnar

Á Barnastundum Sinfóníuhljómsveitarinnar er áhersla lögð á notalegheit og náND við hljómsveitina þar sem létt og leikandi tónlist er flutt fyrir allra yngstu hlustendurna. Barnastundirnar hafa notið mikilla vinsælda og eru sannkallaðar gæðastundir og góður upptaktur að ljúfum degi. Dagskráin er um það bil hálftímalöng og er leidd af konsertmeisturum Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Á þessari Barnastund kynnir leikkonan Vala Kristín Eiríksdóttir fallegar haustperlur og klassíska gimsteina. Skemmtileg samverustund fyrir yngstu börnin.

Aðgangur er ókeypis og gott er að koma með púða til að sitja á.

Aðrar Barnastundir verða haldnar 5. nóvember og 11. mars kl. 11:30.

ELDBORG

Pétur og úlfurinn og Tobbi túba

LITLI TÓNSPROTINN

Sergej Prokofiev
Pétur og úlfurinn
George Kleinsinger
Tobbi túba

Cécile Parcillié og
Ari Yates
myndskreytingar

Daníel Bjarnason
hljómsveitarstjóri
Nimrod Ron
einleikari
Halldóra Geirharðsdóttir
Sögumaður

Pétur og úlfurinn er eitt ástsælasta tónlistarævintýri sögunnar, enda fara þar saman spennandi saga og ógleymanleg tónlist úr smiðju Sergejs Prokofíev þar sem hver sögupersóna fær eigið stef og hljóðfæri. Pétur býr hjá afa sínum sem er illa við að drengurinn álpist út fyrir garðinn – í skóginum fyrir utan býr hættulegur úlfur. Ævintýraþrá Péturs verður skynseminni yfirsterkari og þá upphefst æsileg atburðarás. Við sögu koma fuglinn, öndin, kötturinn og úlfurinn gráðugi – en Pétur þyrmir lífi hans þrátt fyrir allt.

Tónlistarævintýrið um Tobba túbu hefur notið mikilla vinsælda allt frá útgáfu þess árið 1945. Í ævintýrinu segir frá hugrakkri túbu sem þráir það heitast að fá að leika fallegar laglínur rétt eins og flauturnar og fiðlurnar í hljómsveitinni. Ódauðlegt ævintýri um hvatningu, vináttu og traust. Bragi Valdimar Skúlason færði textann í nýjan búning.

Þessi tvö verk voru gefin út saman á plötu árið 1978
en von er á nýrri útgáfu síðar á starfsárinu.

ELDBORG

Ungsveitin spilar Rakhmanínov

Sergej Rakhmanínov
Sinfónía nr. 2

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Kornilios Michailidis
hljómsveitarstjóri

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands var stofnuð árið 2009 og er einn af máttarstólpunum í hljómsveitarstarfi ungs tónlistarfólks á Íslandi. Ár hvert safnast tæplega hundrað ungmenni saman og flytja eitt af meistaraverkum tónlistarsögunnar.

Að þessu sinni hljómar eitt dáðasta síð-rómantíska verk allra tíma, önnur sinfónía Rakhmanínovs, en verkið hefur verið fastagestur á efnisskrám hljómsveita um allan heim frá því það hljómaði fyrst árið 1908. Á tónsprotanum heldur Kornilios Michailidis og stjórnar hann nú Ungsveitinni í fyrsta sinn.

Breiddin skiptir máli

SÆUNN ÞORSTEINSDÓTTIR, STAÐARLISTAMAÐUR SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS, TEKIN TALI

Það hefur verið nóg að gera hjá sellóleikaranum Sæunni Þorsteinsdóttur að undanförnu. Hún er margverðlaunuð og afar eftirsóttur einleikari um heim allan. Stórblaðið The New York Times hefur til að mynda kallað leik hennar „afar grípandi“. Þannig er hún fastagestur í Carnegie Hall í New York og hefur meðal annars komið fram með Fílharmóníusveitinni í Los Angeles, Sinfóníuhljómsveit breska útvarpsins (BBC) og Fílharmóníusveit norður-þýska útvarpsins (NDR) auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þá er hún að hefja störf við Cincinnati College Conservatory í Ohio í haust. Loks má nefna að túlkun Sæunnar á sellósvítum Bachs kemur út á einleiksplötu í febrúar 2023 hjá Sono Luminus en afraksturinn fá gestir Sinfóníuhljómsveitar Íslands einmitt að hlýða á í vetur.

Sinfóníuhljómsveit Íslands kynnir Sæunni til sögunnar sem staðarlistamann veturinn 2022-23 en hvernig leggst verkefnið í hana? „Þetta er mikill heiður og ég er mjög spennt. Loksins fæ ég að gera fullt af verkefnum sem ég er búin að vera að bíða með að gera, til að mynda vegna kófsins, þannig að það ríkir hjá mér bæði spenna og eftirvænting. Mér þykir alltaf jafn gaman að koma og spila á heimavelli, alveg frá því að ég spilaði fyrst með Sinfó þegar ég var enn í Juilliard.“ Efnisskrá Sæunnar á tónleikaárinu 2022-23 spannar líka mjög vítt svið, allt frá barokki yfir í heimsfrumflutning, og því lá beinast við að spyrja hvernig þetta kom til? „Við höfum verið að bíða með frumflutning á verki Veronique Vöku í tæp tvö ár út af kófinu en svo byggist þetta líka á samtali við Sinfóníuna, verkefnavalsnefnd og hljómsveitarstjóra. Ég var með fullt af hugmyndum en svo fór þetta smám saman að taka á sig mynd sem heild, bæði hvað varðar Bach-svíturnar og svo ekki hvað síst tónleikar í Föstudagsröðinni sem ég kalla sellóbration. Þar verður ekki bara dregin upp mynd af sellóinu sem einleikshljóðfæri, heldur kem ég líka til með að leika með sellódeild hljómsveitarinnar verk sem mig hefur lengi langað að gera með þeim, þannig að þetta er allt saman mjög spennandi.“ Sæunn nefnir í framhaldinu að mörg verkanna séu nátengd henni sjálfri og standi nærri hjarta hennar; að efnisskráin sýni enn fremur gríðarlega breidd. „Mér finnst einmitt breiddin skipta máli, að sýna sellóið ekki bara sem bassahljóðfæri, heldur líka sem einleikshljóðfæri og svo auðvitað kammerhljóðfæri. Frá því geta komið alls konar hljóð en á sama tíma er hljómur þess afar fallegur.“

FRÁ BACH TIL BJARNASONAR

Sæunn kom til Íslands snemma sumars 2020 til þess að flytja sellósvítur Bachs vestur á fjörðum en hvenær byrjaði hún á að glíma við þessa Biblíu sellóleikarans? „Ég byrjaði að læra fyrstu svítuna þegar ég var átta ára og þær hafa fylgt mér allar götur síðan, rétt eins og öðrum sellóleikurum í áratugi.“ Sæunn er ekki hvað síst þekkt fyrir kammermúsík-flutning og svo af samstarfi sínu við samtímatónskáld, meðal annars Íslendingana Daníel Bjarnason, Pál Ragnar Pálsson, Halldór Smárason og Þuríði Jónsdóttur. En hvernig finnst henni að starfa með tónskáldum að flutningi nýrrar tónlistar? „Mér finnst það eiginlega það mest spennandi sem ég geri, það er að segja að tala um og framkvæma nýjar hugmyndir og alltaf að vera að prófa sig áfram; ýta hugmyndum af stað. Mér finnst mikilvægt að prófa eitthvað nýtt, finna eitthvað nýtt sem hefur merkingu fyrir fólk og mér finnst mikilvæg-ast að reyna að finna tengingu við nútímann í klassískum heimi. Svo er auðvitað mikilvægt að samtímatónskáld skrifi fyrir sellóið, enda eigum við ekki konserta eftir Mozart eða Beethoven, og það er því afar mikilvægt að eignast ný verk – reyna á sellóið sem einleikshljóðfæri. Nýtt er líka afstætt, nú er til dæmis sellókonsertinn hans Daníels sem ég spila á fyrstu tónleikunum orðin hálfgerð klassík. Á sömu tónleikum er svo frumflutningur á allt öðruvísi verki Veronique Vöku, annar hljóðheimur, önnur áferð.“

MARGT SPENNANDI FRAMUNDAN

En hvað skyldi vera framundan hjá Sæunni, hinum nýja staðarlistamanni Sinfóníuhljómsveitar Íslands? „Það er margt spennandi framundan. Ég er til að mynda að flytja til Cinncinati auk þess sem ég er að kanna spuna í klassískri tónlist. Það er eitthvað sem ég geri á hverjum degi og er raunar í allri minni listsköpun.”

Gestir Sinfóníuhljómsveitar Íslands fá sannarlega að njóta þess í vetur að hlýða á leik Sæunnar, enda kemur hún fram á bæði hljómsveitar- og einleikstónleikum. Við getum því öll farið að hlakka til!

29.09 **FIMMTUDAGUR**
Kl. 19:30

ELDBORG

Eva stjórnar Vorblóti

Tónleikakynning
Kl. 18:00

Anna Þorvaldsdóttir
CATAMORPHOSIS

Veronique Vaka
Gemæltan
(heimsfrumflutningur)

Daníel Bjarnason
Bow to String

Ígor Stravinskíj
Vorblót

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Sæunn Þorsteinsdóttir
einleikari

Flutningur *Vorblóts* eftir Stravinskíj telst ávallt stórviðburður hér á landi en verkið er meðal dáðustu hljómsveitarverka 20. aldar og um leið eitt hið áhrifamesta. Þannig kallaði tónskáldið og hljómsveitarstjórinn Pierre Boulez það „fæðingarvottorð nútímatónlistar". Í verkinu er lýst fornri helgiathöfn þar sem ein úr hópi ungra meyja er valin til að dansa sig til dauða – og tryggja þannig komu vorsins. Vorblót er kraftmikill lokahnykkur á efnisskrá þessara tónleika, þar sem fyrri hlutinn hverfist um glæsilega fulltrúa íslenskrar samtímatónlistar.

Anna Þorvaldsdóttir er í hópi áhrifamestu tónskálda samtímans og verk hennar eru flutt af fremstu hljómsveitum heims, þar á meðal CATAMORPHOSIS sem var pantað af Berlínarfílharmóníunni, Fílharmóníusveitinni í New York, Sinfóníuhljómsveitinni í Birmingham og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Verkið var frumflutt í Berlín í janúar 2021 og hefur farið sigurför um heiminn. Kirill Petrenko, aðalhljómsveitarstjóri Berlínarfílharmóníunnar, lýsti einmitt verkinu sem „stórkostlegu".

Gagnrýnendur hafa vart haldið vatni yfir verkum eftir Veronique Vöku. Þannig hefur breska tónlistartímaritið *Gramophone* hlaðið hana lofi auk þess sem verk hennar hafa verið tilnefnd til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs og Íslensku tónlistarverðlaunanna. Á þessum tónleikum hljómar glænýtt verk, *Gemæltan*, en Vaka er þekkt fyrir að leita fanga í náttúrunni í verkum sínum.

Það er sellóleikarinn Sæunn Þorsteinsdóttir, staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands 2022-23, sem pantaði verkið *Bow to String* hjá Daníel Bjarnasyni og frumflutti það en verkið hljóðritaði hún undir stjórn tónskáldsins á plötunni Processions. Sæunn er afar eftirsóttur einleikari um heim allan og stórblaðið *The New York Times* hefur kallað leik hennar „afar grípandi".



30.09 **FÖSTUDAGUR**
Kl. 18:00

NORÐURLJÓS

Skógarkyrrð með Sæunni

FÖSTUDAGSRÖÐ

Sæunn Þorsteinsdóttir, staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands á yfirstandandi starfsári, er ötull boðberi nýrrar tónlistar en einnig í stöðugum og frjóum tengslum við hefðina. Hér leiðir hún áheyrendur í spennandi óvissuferð um heillandi hljóðheim sellósins á klukkustundarlöngum tónleikum í Norðurljósum, en efnisskráin rúmar meðal annars *Skógarkyrrð* Dvořáks, glænýtt einleiksverk fyrir selló eftir Veronique Vöku og hið grípandi og kraftmikla verk Pierre Boulez *Messagesquisse* fyrir einleiksselló og sex meðleiksselló. Þá hljóma tvö verk ungra kventónskálda sem vakið hafa mikla athygli undanfarin ár. Með Sæunni leika hljóðfæraleikarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands en um tónsprotann heldur staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Nathanaël Iselin.

Veronique Vaka
Nýtt verk fyrir einleikssselló

Pierre Boulez
Messagesquisse

Jane Antonia Cornish
Nocturne nr. 2

Gity Razaz
Strange Highway

Antonín Dvořák
Skógarkyrrð

Nathanaël Iselin
hljómsveitarstjóri

Sæunn Þorsteinsdóttir
einleikari

Hljóðfæraleikarar úr SÍ

06.10 **FIMMTUDAGUR**
Kl. 20:00

Tónleikakynning
Kl. 18:30

ELDBORG

Stolin stef

Ígor Stravinskíj:
Þættir úr Pulcinella-svítunni

Felix Mendelssohn
Sinfónía nr. 4 „ítalska“ – 4. þáttur

Sergej Rakhmanínov
Rapsódía um stef eftir Paganíní

Daníel Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Dmitry Shishkin
einleikari

Halla Oddný Magnúsdóttir
kynnir

„Góðir listamenn herma eftir – stórfenglegir listamenn stela.“ Þessi orð, sem gjarnan eru höfð eftir Pablo Picasso, eiga víst ekki síður við í tónlistinni en myndlistinni. Þegar horft er yfir tónlistarsöguna finnast ófá meistaraverk sem tónskáld hafa smíðað úr stefjum annarra. Á þessum klukkustundarlöngu tónleikum í Grænu röðinni stjórnar Daníel Bjarnason litríkri efnisskrá með stolnum stefjum í forgrunni. Öll eiga stolnu stefin uppruna sinn á Ítalíu – landi sem veitir listamönnum úr öllum greinum stöðugan innblástur.

Ballettinn *Pulcinella* var frumraun Stravinskíjs í nýklassískum stíl og studdist hann við stef sem hann sagði vera eftir ítalska 18. aldar tónskáldið Giovanni Battista Pergolesi (þótt síðar hafi komið í ljós að málið var dálítið flóknara). Hér hljóma fjórir þættir úr ballettinum, sem fjalla um trúðinn og ólíkindatólið Pulcinella og kátlegar ástarraunir hans.

„Þetta er Ítalía! Og það sem ég hef ætið séð fyrir mér sem mestu lífsgleði er nú orðið að veruleika sem ég nýt til hins ítrasta.“ Svo hljóðar upphaf bréfs sem hinn tuttugu og eins árs gamli Felix Mendelssohn skrifaði fjölskyldu sinni á ferðalagi sínu um Ítalíu árið 1830. Við heyrum hér lokaþáttinn úr 4. sinfóníunni, sem auknefnd er sú „ítalska“ en þar vitnar tónskáldið í dansa sem hann á að hafa heyrt á markaðstorgi í Napólí.

Síðasta verkið á efnisskrá tónleikanna er hinn leiftrandi píanókonsert Rakhmanínovs, *Rapsódía um stef eftir Paganini*. Aðalstef verksins er sótt í 24. og síðustu kaprísu ítalska tónskáldsins og fiðluleikarans Niccoló Paganini sem sagður var hafa selt sál sína skrattanum fyrir óviðjafnanlega tónlistarhæfileika. Verkið gerir ríkar kröfur til einleikarans, sem er hinn ungi Dmitry Shishkin. Shishkin er á hraðri leið upp á stjörnuhimin píanóheimsins, en hinn heimsþekkti píanóleikari, Evgeny Kissin, hefur meðal annars hælt honum fyrir „náttúrulega tónlistarlega fágun og listfengi“.

Tónleikunum er einnig sjónvarpað beint á RÚV.

13.10 **FIMMTUDAGUR**
Kl. 19:30

ELDBORG

Nýtt og norrænt

NORRÆNIR MÚSÍKDAGAR

Outi Tarkiainen
The Ring of Fire and Love

Idin Samimi Mofakham
Zurvän

Lisa Streich
Segel

Gunnar Karel Másson
Nýtt verk

Jesper Nordin
Ärr

Anna-Maria Helsing
hljómsveitarstjóri

Á þessum tónleikum hljómar það ferskasta í norrænni tónlist enda um að ræða glæsilega fulltrúa ungra norrænna tónskálda sem valdir hafa verið inn í hátíðardagskrá Norrænna músíkdaga.

Finnska tónskáldið Outi Tarkiainen hefur getið sér gott orð fyrir verkið *The Ring of Fire and Love* sem var frumflutt í Stokkhólmi í fyrra. Þar birtast ljóslifandi jarðhræringar Kyrrahafsins en heiti verksins getur jafnframt vísað til fæðingarreynslu kvenna.

Verk Idins Samimi Mofakham þykja minna ræki lega á tónheim heimalands hans, Írans, en hann hefur þróað afar frumlegt tónmál sem birtist í ólíkum verkum, þar á meðal í hinu risavaxna *Zurvän*. Mofakham býr og starfar í Noregi.

Hin sænska Lisa Streich hefur lýst verkinu *Segel* sem mjög mikilvægu á sínum ferli. Með því vann hún í fyrsta skipti með litrófs-hljóma en verkið er einnig afar kóreógrafískt. Það var frumflutt á Lucerne-hátíðinni í Sviss árið 2017.

Gunnar Karel Másson hefur einkum fengist við kammertónlist á ferli sínum sem tónskáld en nú hljómar hér nýtt verk eftir hann fyrir sinfóníuhljómsveit. Gunnar hefur einnig haslað sér völl sem tónleikahaldari og komið á laggirnar tónlistarhátíðum á borð við Sonic í Kaupmannahöfn.

Jesper Nordin er í hópi leiðandi tónskálda sinnar kynslóðar í Svíþjóð. Verk hans eru flutt víða um heim, þar á meðal *Ärr* sem var frumflutt í Stokkhólmi árið 2014. Þar sækir hann innblástur í lag sænsku þungarokksveitarinnar *Meshuggah*, einkum hvað ryþma varðar.

27.10 **FIMMTUDAGUR**
KL. 20:00

ELDBORG

Laufey og Sinfó

Laufey hefur heillað heimsbyggðina með seiðandi rödd sinni og lagasmíðum sem kallast á við gömlu meistara jazzins en bera líka með sér ferska strauma samtímadægurtónlistar. Meðal þeirra sem hafa hlaðið hana lofi eru tímaritin Rolling Stone og American Songwriter. Hún hefur komið fram í sjónvarpsþáttum á borð við Jimmy Kimmel Live þar sem hún söng lag sitt, Like The Movies, ásamt því að starfa með Fílharmóníusveit Lundúna. Það er mikill fengur fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands að fá hana til samstarfs en á efnisskránni eru lög Laufeyjar sjálfrar sem og dáðar jazzperlur, íslenskar og erlendar.

Hugh Brunt hefur getið sér gríðarlega gott orð sem hljómsveitarstjóri, bæði sem listrænn stjórnandi London Contemporary Orchestra og fyrir samstarf sitt með hljómsveitum á borð við Radiohead. Þá hefur hann einnig komið fram á Aldeburgh-hátíðinni með Britten Pears Composers Ensemble, í National Theatre með Southbank Sinfonia, og starfar auk þess náið með City of London Sinfonia. Hann stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands síðast árið 2016 á tónleikum með Emilíönu Torrini.

Tónlist Laufeyjar
í hljómsveitarútsetningu
ásamt þekktum jazzperlum

Hugh Brunt
hljómsveitarstjóri

Laufey
einsöngvari og einleikari

03.11 **FIMMTUDAGUR**
KL. 19:30

ELDBORG

Tónleikakynning
Kl. 18:00

Lisiecki spilar Chopin

Karol Szymanowski
Konsertforleikur

Frédéric Chopin
Píanókonsert nr. 1

Jón Nordal
Adagio fyrir strengi

Witold Lutosławski
Sinfónía nr. 1

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Jan Lisiecki
einleikari

Pólski hljómsveitarstjórinn Bohdan Wodizcko var einn þeirra erlendu tónlistarmanna sem auðguðu íslenskt tónlistarlíf svo um munar. Hann var aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árunum 1965–68. Í samstarfi við pólska sendiráðið á Íslandi heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands heiðurstónleika til minningar um Wodiczko og framlag hans til íslensks tónlistarlífs.

Pólsk-kanadíski píanóleikarinn Jan Lisiecki hóf að hljóðrita fyrir Deutsche Grammophon fimmtán ára gamall og hefur í rúman áratug verið meðal eftirsóttustu píanista heims. Hljóðritun hans á báðum píanókonsertum Chopins vakti heimsathygli, en sá fyrri er undurfagur; bæði angurvær og glæsilegur.

Bohdan Wodizcko frumflutti fjölda íslenskra verka, þar á meðal Adagio fyrir strengi eftir Jón Nordal sem jafnan er talið í hópi merkustu hljómsveitarverka íslensks höfundar á síðari hluta 20. aldar. Sinfónía nr. 1 eftir Witold Lutosławski er lífleg og kraftmikil tónsmíð þar sem hljómsveitin öll fær að sýna hvað í henni býr.

Það er mikil-vægt að segja sögu

LAUFEY TEKIN TALI

Þó að Laufey sé ung að árum hefur hún heillað heimsbyggðina með lagasmíðum sem sameina bæði strauma úr jazzi og samtímadægurtónlist. Laufey hefur vakið mikla athygli, nú síðast þegar hún kom fram í sjónvarpsþættinum Jimmy Kimmel Live, og virt tónlistartímarit á borð við Rolling Stone hafa hælt henni á hvert reipi. Móðurafi Laufeyjar naut gríðarlegrar virðingar sem fiðlukennari í Kína á sinni tíð og móðir hennar er fiðluleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands.

„Ég byrjaði á að sitja á sviðinu hjá Sinfó í maganum á mömmu.“

Þá liggur beint við að spyrja, sótti Laufey tónlistaráhugann í móðurætt? „Það er engin spurning. Það var alltaf tónlist í fjölskyldunni minni og ég byrjaði á að sitja á sviðinu hjá Sinfó í maganum á mömmu þannig að þetta byrjaði mjög snemma. Þannig ólst ég upp við tónlist og byrjaði að spila á píanó þegar ég var fjögurra ára og selló þegar ég var átta ára. Svo var ég í Tónlistarskólanum í Reykjavík í mörg ár þar sem ég lærði lengi á píanó, selló og var svo líka í jazz-söng.“

Það er stundum sagt að Laufey blandi saman ólíkum tónlistargreinum, það er að segja jazzi og svo samtímadægurtónlist og það birtist meðal annars í tónsmíðum hennar – en er eitthvað til í því? „Algjörlega! Eftir Tónlistarskólann í Reykjavík fór ég út í nám við Berklee og fékk fullan styrk til þess að taka bachelor-gráðu á selló. Um leið stúderaði ég jazz mikið og þar lærði ég að blanda öllu saman. Ég er með klassíska menntun og jazz-menntun en ég elska líka nýja tónlist og mig langar að segja söguna mína, sem tilheyrir nútímanum.“

Laufey hefur til að mynda starfað með Fílharmóníusveit Lundúna og hittir fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands í október. Hvernig finnst henni að starfa með sinfóníuhljómsveitum við tónlistarsköpun? „Það hefur alltaf verið draumurinn,“ segir Laufey, og bætir við að þegar hún hóf samstarf við umboðsmann sinn hafi hann beðið hana að útbúa einskonar óskalista fyrir frama sinn í tónlistarheiminum. „Ég mátti nefna hvað sem er, til dæmis Grammy-verðlaun eða Óskarsverðlaun, en ég sagði að númer eitt væri að spila með sinfóníuhljómsveit,“ segir Laufey. „Það er heimilið sem ég ólst upp á og tónlistin sem ég elska mest“ segir hún og bætir við að margar af helstu jazz-fyrirmyndum hennar hafi líka komið fram með heilli hljómsveit, svo sem Nat King Cole og Ella Fitzgerald. „Og allra skemmtilegast er auðvitað að spila með Sinfóníuhljómsveit Íslands því ég ólst upp innan hennar, var lengi í Ungsveitinni og þetta er eins og fjölskyldan mín. Þetta er eins og að koma heim.“

TÓNLEIKAFERÐ UM BANDARÍKIN OG ÚTGÁFA Í BÍGERÐ

En hvernig hugsaði Laufey efnisskrána fyrir tónleikana með Sinfóníunni, þ.e.a.s. á hverju geta gestir átt von? „Gestir Sinfó geta átt von á að heyra tónlistina mína, tónlistina sem ég hef samið, sögurnar mínar af ungri stelpu að fara út í heiminn í fyrsta skipti og fara í gegnum allt sem því fylgir, í bland við uppáhalds jazz-tónlistina mína.“

Hvað er svo framundanhjá Laufeyju? „Ég er að fara í fyrstu tónleikaferðina mína um Bandaríkin og Evrópu og það er gaman að segja frá því að það seldist upp strax, sem er alveg æðislegt og ég trúi því varla. Svo er ég að vinna í plötu sem kemur fljótlega – fyrstu plötunni minni. Þannig að það er margt spennandi framundan og ég hlakka til.“

10.11 **FIMMTUDAGUR** Tónleikakynning
KL. 20:00 KL. 18:30

ELDBORG

Tónelskir töfrar

Galdrar og töfrar eru í aðalhlutverki á þessum klukkustundarlöngu tónleikum í Grænu röðinni, en þeir hefjast á forleiknum að óperu Mozarts, *Töfraflautunni*, áður en leiðin liggur í ævintýraheim J.K. Rowling en tónlistin leikur stórt hlutverk í kvikmyndunum um Harry Potter™.

Þá leikur Sigrún Eðvaldsdóttir, fyrsti konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Íslands, hið vinsæla og töfrum slungna *Sígaunaljóð* spænska tónskáldsins Pablos de Sarasate en meðal þekktustu stefja verksins er laglínan sem Íslendingar þekkja vel undir nafninu *Til eru fræ*. *Lærisveinn galdrameistarans* eftir Paul Dukas byggir á kvæði Johanns Wolfgangs von Goethe en margir þekkja bæði tónlistina og söguna af lærisveininum seinheppna úr Disney-teiknimyndinni *Fantasíu*. Tónleikunum lýkur svo á lokakaflanum úrævintýrinu um *Eldfuglinn* eftir Stravinskíj.

Tónleikunum er einnig sjónvarpað beint á RÚV.

Wolfgang Amadeus Mozart
Töfraflautan, forleikur

John Williams
Stef uglunnar Hedwig (úr Harry Potter)

Pablo de Sarasate
Sígaunaljóð

Paul Dukas
Lærisveinn galdrameistarans

Ígor Stravinskíj
Eldfuglinn (hluti)

Nathanaël Iselin
hljómsveitarstjóri

Sigrún Eðvaldsdóttir
einleikari

Halla Oddný Magnúsdóttir
kynnir

17.11 **FIMMTUDAGUR** Tónleikakynning
KL. 19:30 KL. 18:00

ELDBORG

Sinfóníuskir dansar

Rússneska tónskáldið Sofia Gubaidulina, sem fagnaði nýræðisafmæli í fyrra, er óhrædd við að velja verkum sínum heimspekilegt og trúarlegt inntak og tekst hún gjarnan á við stærstu spurningar mannlegrar tilvistar í tónlistinni. Meðal nýjustu meistaraverka hennar er konsert fyrir fiðlu, selló og bajan (rússneska hnappaharmóníku) en það var samið árið 2017 fyrir Sinfóníuhljómsveitina í Boston. Verkinu var afar vel tekið og voru gagnrýnendur á einu máli um að hér væri komið eitt af merkustu verkum Gubaidulinu. Talan þrír gegnir lykilhlutverki í verkinu, enda innblásið af heilagri þrenningu.

Lettneski fiðluleikarinn Baiba Skride hefur komið tvisvar fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands og ávallt fengið frábærar viðtökur. Hollenski sellóleikarinn Harriet Krijgh hefur leikið með mörgum helstu hljómsveitum heims og er prófessor við Tónlistarháskólann í Vínarborg. Svissneski bajan-leikarinn Elsbeth Moser hefur sérhæft sig í flutningi á verkum Gubaidulinu, sem semur oft fyrir rússneska hnappaharmóníku, og hafa hljóðritanir hennar fengið mikið lof heimspressunnar.

Sinfóníuskir dansar Sergejs Rakhmanínovs voru síðasta verkið sem tónskáldið lauk við og sýnir það glöggt hve meistaraleg tök þetta mikla píanótónskáld hafði á skrifum og útsetningum fyrir sinfóníuhljómsveit. Líkt og í fleiri verkum Rakhmanínovs ber tónlistin keim af fortíðinni og þótt sá síð-rómantíski andblær sem svífur yfir vötnum í ævintýralegum dönsunum hafi ekki verið að allra skapi þegar verkið var frumflutt 1941 hefur það fyrir löngu skapað sér sess meðal bestu hljómsveitarverka tónskáldsins.

Páll Ragnar Pálsson stundaði framhaldsnám í tónsmíðum í Eistlandi og strengjaverkið *Yfirráðandi kyrrð* var frumflutt af Kammersveitinni í Tallin og vakti þar mikla hrifningu. Í kjölfarið var verkið tilnefnt til alþjóðlegu Rostrum-verðlaunanna.

Páll Ragnar Pálsson
Yfirráðandi kyrrð

Sofia Gubaidulina
Konsert fyrir fiðlu, selló og bajan

Sergej Rakhmanínov
Sinfóníuskir dansar

Olari Elts
hljómsveitarstjóri

Baiba Skride, fiðla
Harriet Krijgh, selló
Elsbeth Moser, bajan

18.11 **FÖSTUDAGUR**
KL. 18:00

NORÐURLJÓS

Æskuverk með Baibu og Harriet

FÖSTUDAGSRÖÐ

Á þessum föstudagstónleikum í Norðurljósum hljóma tvö innblásin æskuverk fyrir strengjaoktett eftir ólík tónskáld sem þó áttu það sameiginlegt að vera undrabörn á sviði tónsmíða: Mendelssohn og Shostakovitsj. Um leið gefst áheyrendum tækifæri til að kynnast fiðluleikaranum Baibu Skride og sellóleikaranum Harriet Krijgh í samhengi kammertónlistar sem þær stunda af miklu listfengi, en báðar koma fram kvöldið áður í þríleikskonsert Sofiu Gubaidulinu undir stjórn Olari Elts. Mendelssohn samdi sinn strengjaoktett á sautjánda ári sem afmælisgjöf handa fiðlukennara sínum, en verkið býr yfir fádæma hugmyndaauðgi, krafti og fágun. Shostakovitsj var sömuleiðis á tvítugsaldri þegar hann samdi Tvö verk fyrir *strengjaoktett ópus 11* og bera þau sömuleiðis skapara sínum fagurt vitni – líkt og í mörgum síðari verka hans má heyra hér ögrandi ómstríður og rytmíska spennu í bland við svífandi ljóðrænu.

Dmítrij Shostakovitsj
Tvö verk fyrir strengjaoktett op. 11

Felix Mendelssohn
Strengjaoktett op. 20

Baiba Skride
einleikari

Harriet Krijgh
einleikari

Hljóðfæraleikarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands

01.12 **FIMMTUDAGUR**
KL. 19:30

Tónleikakynning
KL. 18:00

ELDBORG

Aðventu-tónleikar

Á aðventutónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands hljóma bæði þekktar barokkperlur og faldir fjársjóðir tónlistarsögunnar, en stjórnandinn Jonathan Cohen er einn fremsti barokkstjórnandi Bretlands af yngri kynslóðinni. Í upphafi hljómar forleikurinn að óperunni *Talestri* eftir Maríu Antoníu Walpurgis, prinsessu af Bæjaralandi, áður en þær Vera Panitch og Steiney Sigurðardóttir (Dúó Edda) leika hinn víðfræga tvíleikskonsert Antonios Vivaldi í B-dúr fyrir fiðlu og selló.

Enski kontratenórinn Tim Mead er meðal fremstu söngvara á sínu sviði í heiminum í dag. Hér syngur hann bæði Vivaldi og Händel, meðal annars hina gullfallegu aríu *Ombra mai fu* úr óperunni *Xerxes*. Sinfónía nr. 40 í g-moll er ein dáðasta sinfónía Mozarts og jafnframt ein sú dramatískasta. Hún var samin 1788, þegar tónsmíðar Mozarts náðu áður óþekktum listrænum hæðum um leið og veraldlegu gengi hans fór ört hrakandi. Í verkinu mætast fullkomin fágun klassíska stílsins og frumleg tónhugsun skapandi eldhuga sem varðaði leiðina til framtíðar.

María Antonía Walpurgis
Talestri, forleikur

Antonio Vivaldi
Cessate, omai cessate
(úr kantötu RV 684)

Antonio Vivaldi
Konsert fyrir fiðlu og selló í B-dúr

Georg Friedrich Händel
Ombra mai fu (úr Xerxes)

Georg Friedrich Händel
Vivi tiranno (úr Rodelindu)

Wolfgang Amadeus Mozart
Sinfónía nr. 40

Jonathan Cohen
hljómsveitarstjóri

Tim Mead
einsöngvari

Dúó Edda
einleikarar

17.–18.12

LAUGARDAGUR
Kl. 14:00 og 16:00

SUNNUDAGUR
Kl. 14:00 og 16:00

ELDBORG

Jólatónleikar

LITLI TÓNSPROTINN

Sannkölluð hátíðarstemning ríkir á Jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem fjölbreytt jólatónlist verður flutt af hljómsveitinni ásamt fjölda ungra listamanna. Tónleikarnir hafa notið verðskuldaðrar hylli og eru á meðal vinsælustu tónleika sveitarinnar. Á Jólatónleikum í ár hljómar fjölbreytt tónlist sem hefur verið ómissandi í jólahaldi í gegnum tíðina. Einsöngvararnir Alexander Jarl Þorsteinsson, Björk Níelsdóttir og Kolbrún Völkudóttir ásamt Stúlknakór Reykjavíkur, Litlu sprotunum og Björllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar flytja sígildar jólaperlur. Dansarar úr Listdansskóla Íslands svífa um Eldborg og hljóðfærahópar skipaðir ungu tónlistarfólki stíga á stokk. Kynnir á tónleikunum er trúðurinn Barbara, leikinn af Halldóru Geirharðsdóttur, sem tendrar ljós í hverju hjarta. Þetta eru tónleikar sem ekkert jólabarn má láta fram hjá sér fara.

Tónleikarnir eru túlkaðir á táknmáli.

Mirian Khukhunaishvili
hljómsveitarstjóri

Alexander Jarl Þorsteinsson
Björk Níelsdóttir
Kolbrún Völkudóttir
einsöngvarar

Stúlknakór Reykjavíkur
Dansarar úr Listdansskóla Íslands
Björllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
Táknmálskórinn Litlu sprotarnir
og fleiri tónlistarhópar

Halldóra Geirharðsdóttir
kynnir

05.–07.01

FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30

FÖSTUDAGUR
Kl. 19:30

LAUGARDAGUR
Kl. 16:00 og 19:30

Tónleikakynning
05.01 Kl. 18:00

ELDBORG

Vínartónleikar

Óperettutónlist, valsar og polkar eftir Johann Strauss, Franz Lehár, Mel Bonis, Carl Millöcker og fleiri.

Keri-Lynn Wilson
hljómsveitarstjóri

Jóhann Kristinsson
Álfheiður Erla Guðmundsdóttir
einsöngvarar

Hinir sívinsælu Vínartónleikar eru sannkölluð nýársveisla og sú glaðværa tónlist sem þar hljómar gefur tóninn fyrir nýtt ár. Í þetta sinn er það hin kanadíska Keri-Lynn Wilson sem stjórnar tónleikunum. Meðal þess sem hljómar eru valsar og polkar eftir Johann Strauss yngri, m.a. Keisaravalsinn og Dónárvalsinn, auk forleiksins að Leðurblökunni.

Tveir af helstu einsöngvurum sinnar kynslóðar koma fram á tónleikunum auk dansara. Jóhann Kristinsson hefur getið sér gott orð sem bæði ljóða- og óperusöngvari og bar meðal annars sigur úr býtum í alþjóðlegu söngkeppninni „Stella Maris“ og hlaut einnig sérstök verðlaun frá Musikverein í Vínarborg, þar sem hann keppti fyrir hönd Ríkisóperunnar í Hamborg. Þá var Álfheiður Erla Guðmundsdóttir valin söngkona ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum 2021 og hún hefur komið fram í óperuhúsum víða í Evrópu, þar á meðal í Ríkisóperunni í Berlín. Álheiður Erla er nú fastráðin við óperuna í Basel í Sviss.

Glaðvær Vínartónlist er fullkominn upptaktur að nýju ári.

12.01 **FIMMTUDAGUR**
Kl. 19:30

Tónleikakynning
Kl. 18:00

ELDBORG

Hough leikur Beethoven

Breski píanóleikarinn Stephen Hough er í hópi virtustu og fjölhæfustu píanóleikara samtímans. Hann hefur hljóðritað yfir 60 geisladiska og hlotið fjölda viðurkenninga, meðal annars átta Grammy-verðlaun. Hough er „Listamaður í samstarfi“ hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands á starfsárinu 2022-23 og kemur tvisvar fram með sveitinni á tónleikum í Eldborg áður en hann fylgir henni í tónleikaferð um Bretland.

Á þessum fyrri tónleikum Houghs og Sinfóníuhljómsveitar Íslands leikur hann hinn kraftmikla og dramatíska þriðja píanókonsert Beethovens, en breska stórblaðið The Times hefur lýst túlkun Houghs á verkinu sem „stórkostlegri“.

Tónleikarnir hefjast hins vegar á hrífandi en lítt þekktum forleik eftir Christoph Willibald Gluck. Gluck var einn af brautryðjendum klassíska tímabilsins í tónlistarsögunni, ekki síst á sviði óperutónlistar. Ópera hans, *Alceste*, var frumflutt í Vínarborg árið 1767. Verkið þótti framandi á sínum tíma og hafði meðal annars áhrif á jafn ólík tónskáld og Mozart og Berlioz.

Í seinni hluta tónleikanna mætast eldur og úthaf, en verk litháíska tónskáldsins Ramintu Šerkšnytė, *Eldar*, hefur hlotið mikið lof og verið flutt víða. Það er í tveimur hlutum og lýsir ólíkri ásýnd elds og þeim kröftum sem leysast úr læðingi í miklu eldhafi og sprengingum. Verkið samdi Šerkšnytė sem nokkurs konar forspil að fimmtu sinfóníu Beethovens en það var frumflutt af Útvarpshljómsveitinni í Bæjaralandi undir stjórn Mariss Jansons.

La mer er hið mikilfenglegasta af hljómsveitarverkum Debussys, eins konar sinfónía um hafið, vindinn og öldurnar. Í þessu verki fær hljómsveitin að sýna allar sínar bestu hliðar.

Christoph Willibald Gluck
Alceste, forleikur

Ludwig van Beethoven
Píanókonsert nr. 3

Raminta Šerkšnytė
Eldar

Claude Debussy
La mer

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Stephen Hough
einleikari

13.01 **FÖSTUDAGUR**
Kl. 18:00

NORÐURLJÓS

Portrett af Stephen Hough

EINLEIKSTÓNLEIKAR Í FÖSTUDAGSRÖÐ

Á þessum föstudagstónleikum í Norðurljósum fá áheyrendur að kynnast hinni hliðinni á Stephen Hough, listamanni í samstarfi hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands, en kvöldið áður leikur hann píanókonsert nr. 3 eftir Beethoven með hljómsveitinni. Hér leikur Hough hins vegar nokkur hrífandi og virtúósísk einleiksverk úr ólíkum áttum. Tónleikunum lýkur svo á upplestri hans úr einni bóka sinna og spjalli um listina og lífið, en fáir listamenn samtímans eru viðlíka fjölhæfir og Hough sem auk píanóleiksins er bæði tónskáld, rithöfundur og listmálari.

Efnisskráin ber vitni um vítt áhugasvið einleikarans: *Estampes* eftir Debussy er einstaklega myndræn og litrík tónlist (en *estampes* merkir einmitt *prykk*) sem magnar upp andrúmsloft fjarlægra slóða. En verkin tvö eftir Franz Liszt eru á hinn bóginn innblásin af bókmenntum, nánar tiltekið af verkum tveggja höfuðskálda Ítalíu, Dante og Petrarca. Á efnisskránni er einnig að finna eina af tónsmíðum Houghs sjálfs, *Partítu*, sem sækir innblástur jafnt til stórbrotinna trúarlegra verka fyrir orgel og tónlistar katalónska tónskáldsins Federico Mompou.

Claude Debussy
Estampes

Stephen Hough
Partita

Franz Liszt
Petrarca-sonnetta nr. 123

Franz Liszt
Dante-sónata (úr Années de Pèlerinage)

Stephen Hough
einleikari

Veisla í farangrinum

STEPHEN HOUGH SEGIR FRÁ VERKUNUM SEM HANN SPILAR MEÐ SINFÓNÍUNNI Í ELDBORG OG Á TÓNLEIKAFERÐ UM BRETLAND

„Ég hlakka mikið til að koma til ykkar – ég spila bæði Beethoven í janúar og Rakhmanínov í febrúar, svo spila ég einleikstónleika, les upp úr bókinni minni og spjalla – það verða allir orðnir dauðleiðir á mér í lok starfsársins!“ segir Stephen Hough af sinni alkunnu hógværð og hlær þegar veturinn framundan er færður í tal, en Hough er *Listamaður í samstarfi* hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands á starfsárinu og kemur auk tónleika í Hörpu fram með hljómsveitinni á tónleikaferð um Bretland í apríl.

Stephen Hough hefur verið í fremstu röð píanista heimsins um árabil. Hann var fyrsti klassíski listamaðurinn til að hljóta hin eftirsóttu MacArthur-verðlaun 2001, og vorið 2022 sæmdi Elísabet Bretadrottning hann riddaratign. Hann kemur reglulega fram með bestu hljómsveitum veraldar og í helstu tónleikasölum heims, auk þess að gegna prófessorsstöðu við Royal Academy of Music í Lundúnum og Juilliard-skólann í New York. Þessi virti og fjölhæfi listamaður er ísleskum áheyrendum þegar að góðu kunnur, enda hefur hann þrisvar áður komið til Íslands til að spila með SÍ. „Mér líður alltaf frábærlega í Reykjavík og mér finnst Ísland magnaður staður,“ segir Hough – „ég þyrfti bara helst að gefa mér tækifæri til að fara víðar en milli flugvallarins og tónleikasalarins,“ bætir hann við kíminn og kemur þannig upp um hvernig lífi einleikarans er gjarnan háttað; þrátt fyrir ferðalög á ýmsa framandi staði gefst ekki mikill tími til að skoða sig um. Þó má segja að ferðatöskulífsstíllinn eigi vel við Hough, sem nýtir tímann vel í sín fjölbreyttu hugðarefni. Auk píanóleiksins er hann tónskáld, rithöfundur og listmálari. „Það fer ótrúlegur tími í að komast frá einum stað til annars – og svo er maður kannski bara á sviðinu að spila í hálftíma. Ég reyni að nýta tímann á flugvöllum, í flugvélum og inni á hótelherbergjum til að hripa niður hugmyndir, bæði í texta og tónum. Svo bíða þær kannski í ár eftir því að ég hafi tíma til að vinna úr þeim,“ segir Hough, en gaman er að fylgjast með ævintýrum hans á samfélagsmiðlinum Twitter, þar sem í ljós kemur að áhugasvið hans nær líka til gómsætra eftirrétta.

FÆÐING EINLEIKARANS OG FULLKOMINN PÍANÓKONSERT

Hough hlakkar líka til að fá Sinfóníuhljómsveit Íslands í heimsókn á sínar heimaslóðir. „Já, ég er mjög spenntur – tónleikaferðalög fela í sér allt aðra sálfræði en að spila heima í kunnuglegum tónleikasal. Það verður gaman að vera gestur hljómsveitarinnar – meðal annars í minni gömlu heimaborg Manchester, þar sem ég bjó og lærði sem ungur maður.“ Bæði verkin sem fylgja Hough og SÍ á ferðalaginu hljóma á tónleikum SÍ í Eldborg í janúar og febrúar. Þau eiga hvort um sig sérstakan stað í hjarta píanóleikarans.

„Á vissan hátt er þetta fyrsti eiginlegi nítjándu aldar píanó-konsertinn,“ segir Hough um þriðja píanókonsert Beethovens, „því fyrstu tveir tilheyra meira veröld Mozarts, þar sem samspil einleikara og hljómsveitar minnir á kammertónlist. Þarna sjáum við fyrir alvöru möguleikana sem píanókonsertinn sem form bjó yfir. Þarna fæddist hugmyndin um einleikara í kastljósinu á miðju sviði sem bæði leikur með – en líka á móti – heilli sinfóníuhljómsveit. Eins og svo mörg verk Beethovens í c-moll er þarna að finna mikið drama og ákveðið ferðalag úr myrkrinu í ljósið. Mér finnst þetta stórbrotið verk. Tökum til dæmis byrjunina – hún er bara tónstigi. Og svo kemur annar tónstigi. Og svo annar! Beethoven nýtir sér dramatískar þendingar á borð við þessar en þær eru aldrei innantómar. Þær eru alltaf hlaðnar ástríðu og tilgangi. Þriðji konsertinn er frábært dæmi um þetta, maður fær Beethoven beint í æð á fyrstu tíu sekúndunum eftir að píanóleikarinn byrjar að spila.“

Annar píanókonsert Rakhmanínovs er líka í sérstöku eftirlæti hjá Hough. „Á vissan hátt er annar píanókonsert Rakhmanínovs fyrsta þroskaða tónsmíðin hans – og hann spilaði verkið sjálfur út ævina. Það er eitthvað fullkomið við þetta verk, formið gengur algerlega upp. Ég elska reyndar alla konsertana hans – en þessi er þannig að það væri ekki hægt að taka í burtu einn takt. Það er fullt af stórkostlegum laglínum sem alltaf ná að hreyfa við mér. Það er einhver heiðarleiki í tilfinningunum – verkið verður aldrei tilfinningaseminni að bráð en fer eins nálægt hjartanu og hægt er að komast.“

GÓLFIÐ FÆR AÐ NÖTRA Í FÖSTUDAGSRÖÐINNI

Hough kemur einnig fram á klukkustundarlöngum tónleikum í Föstudagsröðinni í Norðurljósum kvöldið eftir Beethovenkonsertinn. Þar gefst áheyrendum tækifæri á að kynnast hinni hliðinni á þessum litríka listamanni, en auk þess að spila glæsiverk eftir Debussy og Liszt les Hough upp úr einni af bókum sínum og spjallar um listina og lífið. Þá leikur Hough partítu eftir sjálfan sig. „Hún er í fimm þáttum. Ég hafði áður skrifað fjórar píanósónötur sem voru mjög alvarlegar í anda – en þarna langaði mig að gera eitthvað annað og glaðlegra. Ytri þættirnir tveir eru innblásnir af stórum frönskum orgeltokkötum, kraftmiklum verkum þar sem gólfið í kirkjunni bókstaflega nötrar. Miðjuþættirnir þrír sækja hins vegar bæði í smiðju Bartóks og katalónska tónskáldsins Federico Mompou, en píanistinn sem pantaði af mér verkið býr í Barcelona,“ segir Hough, sem vill meina að tónsmíðaferillinn hafi tekist á flug fyrir hálfgerða slysni „Ég samdi eitt verk fyrir afmælisfögnuð gamla tónsmíðakennarans míns – en svo heyrði annar kunningi það á tónleikum og vildi líka fá verk. Svona rúllaði þetta bara af stað. Nú er ég að semja píanókonsert, nokkuð sem ég hefði aldrei trúað að ætti fyrir mér að liggja. En tónsmíðarnar gefa mér mikið,“ segir þessi hæverski meistari slaghörpunnar að lokum.

19.01 **FIMMTUDAGUR**
Kl. 19:30

Tónleikakynning
Kl. 18:00

ELDBORG

Eva og Grubinger

„Töframaður slagverksins“, sagði einn gagnrýnandi um austurríska slagverkssnillinginn Martin Grubinger, sem hefur verið meðal þeirra fremstu í sínu fagi í tvo áratugi. Hann er fastagestur hjá fremstu hljómsveitum heims, meðal annars fílharmóníusveitunum í Berlín og Vínarborg, og Deutsche Grammophon gefur út geisladiska hans sem hafa náð metsölu. Grubinger hefur pantað fjölda nýrra verka af helstu tónskáldum samtímans. Á þessum tónleikum hljómar Íslandsfrumflutningur á nýjum konserti Daníels Bjarnasonar fyrir slagverk.

Árið 1782 fékk Mozart beiðni um að semja verk í tilefni af því að til stóð að slá aðalsmanninn Sigmund Haffner til riddara. Mozart var um þetta leyti önnum kafinn; hann var að stjórna óperu sinni, *Brottnáminu úr kvennabúrinu*, vann við tónsmíðar og var um það bil að ganga í hjónaband. Hann lét þó til leiðast og samdi kvöldlokku í sex þáttum. Þegar Mozart var beðinn nokkru síðar um að stjórna tónleikum með eigin verkum vantaði hann sinfóníu. Hann greip til þess ráðs að fækka um tvo þætti í kvöldlokkunni sem tileinkuð var Haffner og stækka hljómsveitina, úr varð *Haffnersinfónían nr. 35*.

Þótt Mozart hafi þurft að hafa hröð handtök við tónsmíðarnar hafði andagiftin ekki látið á sér standa og verkið sló í gegn. Sjálfur Austurríkiskeisari var viðstaddur frumflutninginn og fagnaði hann svo ákaft að athygli vakti.

Ballettinn *Dafnis og Klói* eftir Maurice Ravel var frumfluttur í júní árið 1912, en verkið pantaði hinn víðfrægi stjórnandi Rússneska ballettsins, Sergei Diaghilev. Balletttónlistin, sem Ravel kallaði „kóreógrafíska sinfóníu í þremur hlutum“ tekur í heild um klukkutíma í flutningi og er viðamesta hljómsveitarverk hans. Fá tónskáld hafa staðist Ravel snúning þegar kemur að því að laða fram ólíka liti sinfóníuhljómsveitarinnar og í fáguðum tónvefnaði verksins lifna við jafnt munúðarfullar skógardísir og trylltir sjóræningjar. Til að auðvelda flutning verksins sauð Ravel saman tvær styttri hljómsveitarsvítur sem heyrast mun oftar í tónleikasölum heimsins en ballettinn í heild og hér hljómar svíta nr. 2.

Wolfgang Amadeus Mozart
Sinfónía nr. 35, „Haffner“

Maurice Ravel
Dafnis og Klói, svíta nr. 2

Daníel Bjarnason
Slagverkskonsert

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Martin Grubinger
einleikari

26.01 **FIMMTUDAGUR**
KL. 19:30

ELDBORG

Flekaskil

MYRKIR MÚSÍKDAGAR

Myrkir músíkdagar er ein elsta tónlistarhátíð landsins en Tónskáldafélag Íslands hefur haldið hana frá árinu 1980. Hinir árlegu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir merkjum Myrkra músíkdaga eru langþráðir í þetta skiptið, enda setti heimsfaraldur strik í reikninginn síðustu tvö árin. Fimm glæsileg og gagnólík verk eru á efnisskránni.

Verk Hauks Tómassonar, *It Relaxes Me, the Repetition*, sækir innblástur í verk japönsku listakonunnar Yayoi Kusama, sem nýtur mikillar hylli fyrir litrík og þráhyggjukennd verk sín. *Pons Papilloma* eftir Ingibjörgu Ýr Skarphéðinsdóttur er samið að beiðni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og segir hún að það sé „úrvinnsla og kortlagning á áfalli“. Verk Áskels Mássonar, *Capriccio*, er samið fyrir darabuka, sem er bikartromma ættuð frá Tyrklandi og Austurlöndum nær, en Áskell hefur á löngum ferli þróað ákveðna leiktækni á trommuna og bregður sér hér í hlutverk einleikarans. Þess má geta að í verkinu hljómar einnig annað óvenjulegt hljóðfæri, alúfónn, en Sinfóníuhljómsveit Íslands áskotnaðist nýverið slíkt hljóðfæri að gjöf. Á tónleikunum hljómar einnig verk Gunnars Andreasar Kristinssonar, *Flekar*, sem tónskáldið segir að sé „samsett úr tónmössum sem mætast eða skarast líkt og jarðflekar, með tilheyrandi núningi og spennumyndun“. Hljómsveitarverk Kjartans Ólafssonar, *Mar*, er tileinkað minningu finnska tónskáldsins Einojuhani Rautavaara.

Haukur Tómasson
It Relaxes Me, the Repetition

Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir
Pons papilloma

Áskell Másson
Capriccio

Kjartan Ólafsson
Mar

Gunnar Andreas Kristinsson
Flekar

Nathanaël Iselin
hljómsveitarstjóri

Áskell Másson
Sigrún Eðvaldsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Grímur Helgason
einleikarar

27.01 **FÖSTUDAGUR**
KL. 12:15

NORÐURLJÓS

Hringla

HÁDEGISTÓNLEIKAR Á MYRKUM MÚSÍKDÖGUM

Bára Gísladóttir
the worlds within our petty voids

Bára Gísladóttir
VAPE

Bára Gísladóttir
Hringla

Bára Gísladóttir
einleikari

Nathanaël Iselin
hljómsveitarstjóri

Fleiri flytjendur kynntir síðar

Bára Gísladóttir hefur vakið verulega athygli undanfarin ár fyrir frumlegar tónsmíðar sínar og hefur hlotið fjölda viðurkenninga, meðal annars hlaut hún nýverið þriggja ára tónsmíðastyrk danska ríkisins. Hugmyndin að verkinu *VAPE* spratt út frá árás sem fimm menn gerðu með taugagasinu sarin í neðanjarðarlestarkerfi Tókýó-borgar árið 1995, og er hljómsveitinni skipt í fimm hópa. Frá því að verkið var frumflutt árið 2016 hefur það farið víða, var meðal annars flutt á opnunarhátíð hinnar víðfrægu tónlistarhátíðar í Darmstadt í Þýskalandi. *Hringla* er verk fyrir hljómsveit, rafmagnaðan kontrabassa og rafhljóð sem Bára frumflutti sjálf ásamt Fílharmóníusveit Kaupmannahafnar í febrúar 2022, sem nýr vinningshafi Gladsaxe-tónlistarverðlaunanna. Tónlistin skírskotar til margræðninnar í titli verksins, sem bæði getur merkt skrölt og glamur eða óstöðuglyndi og óákveðni. Upphafsverk tónleikanna er seiðandi kammerverk Báru „*the worlds within our petty voids*“ frá 2019 fyrir flautu, óbó, fiðlu, víólu og selló.

02.02 **FIMMTUDAGUR**
KL. 19:30

ELDBORG

Tónleikakynning
Kl. 18:00

Osmo Vänskä
Forleikur

Kurt Weill
Fiðlukonsert

Felix Mendelssohn
Sinfónía nr. 3

Osmo Vänskä
hljómsveitarstjóri

Erin Keefe
einleikari

Osmo og Erin

Osmo Vänskä er heiðursstjórnandi SÍ og íslenskum áheyrendum að góðu kunnur síðan hann var aðalstjórnandi hljómsveitarinnar á árunum 1993-96. Hann hefur gegnt stöðu aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitarinnar í Minnesota í Bandaríkjunum frá 2003, en hann er einnig klarínettuleikari og tónskáld. Forleikinn sem hljómar á þessum tónleikum samdi hann í miðjum heimsfaraldri og skiptast þar á ómstríð stef og hljómfagrir kaflar en verkið er meðal annars samið fyrir stóran hóp slagverksleikara. Osmo samdi verkið sérstaklega sem nokkurs konar fylgirödd við fiðlukonsert Kurts Weill.

Erin Keefe er 1. konsertmeistari Minnesota-hljómsveitarinnar. Hún leikur nú einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn í hinum glæsilega fiðlukonserti eftir Kurt Weill en tónskáldið var af gyðingaættum og flúði Þýskaland eftir valdatöku nasista. Frægastur er Weill fyrir framsækna og grípandi leikhústónlist en eftir hann liggja þó nokkur öndvegisverk ætluð tónleikasviðinu. Í fiðlukonsertinum leikur Weill sér að andstæðum en einleiksfiðlunni er þar teflt fram á móti hljómsveit sem aðeins er skipuð blásurum og slagverki.

Loks hljómar hin glæsilega þriðja sinfónía eftir Felix Mendelssohn. Hana samdi tónskáldið eftir ferðalag um framandi slóðir á Bretlandi 1829, en hugmyndin að upphafsstefi hennar kviknaði í hinni sögufrægu Holyrood-höll í Edinborg, sem áður var heimili Maríu Stúart, Skotadrottningar.

09.02 **FIMMTUDAGUR**
KL. 20:00

ELDBORG

Tónleikakynning
Kl. 18:30

Á ferð og flugi

Á þessum tónleikum gefst áheyrendum tækifæri til þess að sitja kyrrir á sama stað og samt að vera að ferðast – bæði aftur í tímann og út í geim.

Hinn frægi inngöngumars Händels, *The Arrival of the Queen of Sheba*, er ættaður úr óratoríunni *Salómon* þar sem frásögn Gamla testamentisins af komu drottningarinnar af Saba til Ísraels liggur til grundvallar. Marsinn hljómar þó iðulega einn og sér, en hann var meðal annars fluttur við opnunarhátíð Ólympíuleikanna í Lundúnum árið 2012. Verk Kaiju Saariaho, *Asteroid 4179: Toutatis,* lýsir í tónum ferð loftsteins sem flýgur nærri jörðu. Það var pantað af Berlínarfílharmóníunni og frumflutt undir stjórn Sir Simons Rattles. Meistaraverk Mahlers, *Söngvar förusveins*, bindur saman ástarraunir og náttúrumyndir á hrífandi göngufor í anda þýsku rómantíkurinnar. Einsöngvarinn, Jóhann Kristinsson, hefur getið sér gott orð, bæði sem ljóða- og óperusöngvari og sló í gegn á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á síðasta starfsári þegar hann söng barítónhlutverkið í *Þýskri sálumessu* Brahms. Í lok tónleikanna er haldið á haf út, en *La mer* er hið mikilfenglegasta af hljómsveitarverkum Debussys, eins konar sinfónía um hafið, vindinn og öldurnar.

Georg Friedrich Händel
Arrival of the Queen of Sheba

Kaija Saariaho
Astreoid 4179: Toutatis

Gustav Mahler
Lieder eines fahrenden Gesellen

Claude Debussy
La mer, lokakafli

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Jóhann Kristinsson
einsöngvari

Halla Oddný Magnúsdóttir
kynnir

18.02 **LAUGARDAGUR**
Kl. 14:00 og 16:00

ELDBORG

Ævintýrið um töfraflautuna

LITLI TÓNSPROTINN

Töfraflautan eftir Mozart er ein dáðasta óperu sögunnar og sannkallaður ævintýraheimur fyrir unga sem aldna. Prinsinn Tamínó leggur af stað í leiðangur til að bjarga hinni fögru Pamínu, en smám saman kemur í ljós að móðir hennar, Næturdrottningin, sem sendi hann af stað, er ekki öll þar sem hún er séð. Til aðstoðar hefur prinsinn fuglaveiðara að nafni Papagenó. Sá er lítið fyrir háfleygar hugsanir en kann vel að meta góðan mat og drykk og vill helst af öllu finna sér sálufélaga. Að lokum fella Tamínó og Pamína hugi saman, en þurfa að leysa erfiðar þrautir áður en þau fá að eigast. Hér er meistaraverk Mozarts flutt í klukkustundarlangri útfærslu fyrir sögumann og fimm einsöngvara, en með hlutverkin fara íslenskir söngvarar af yngri kynslóðinni. Öll hafa þau stundað framhaldsnám erlendis og hlotið frábæra dóma fyrir söng sinn og leik. Sögumaður er Þórunn Arna Kristjánsdóttir sem lýsir framvindunni með kímnigáfu að leiðarljósi. Þetta er hugljúf og eftirminnileg ævintýrastund fyrir alla fjölskylduna.

Wolfgang Amadeus Mozart
Töfraflautan (í styttri gerð)

Kornilios Michailidis
hljómsveitarstjóri

Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
Sveinn Dúa Hjörleifsson
Jóhann Kristinsson
Harpa Ósk Björnsdóttir
Bryndís Guðjónsdóttir
einsöngvarar

Þórunn Arna Kristjánsdóttir
sögumaður

23.02 **FIMMTUDAGUR**
Kl. 19:30

ELDBORG

Tónleikakynning
Kl. 18:00

Sergej Rakhmanínov
Píanókonsert nr. 2

Dmítrij Shostakovitsj
Sinfónía nr. 10

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Stephen Hough
einleikari

Hough leikur Rakhmanínov

Hinn heimsþekkti pianóleikari, Stephen Hough, kemur nú í annað sinn á starfsárinu fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands en samstarf hans við hljómsveitina heldur svo áfram á tónleikaferð um Bretland í apríl. Hann leikur nú hinn tilfinningaþrungna píanókonsert nr. 2 eftir Sergej Rakhmanínov en Hough hefur m.a. hljóðritað alla píanókonserta tónskáldsins með Sinfóníuhljómsveitinni í Dallas.

Árið 1900 var Rakhmanínov niðurbrotinn maður eftir að frumflutningurinn á fyrstu sinfóníu hans hafði misheppnast og verkið fallið í gryttan jarðveg. Hann lagðist í þunglyndi, missti allt sjálfstraust og var ófær um að koma einni einustu nótu á blað. Með óvenjulegri blöndu samtals- og dáleiðslumeðferðar tókst landa hans, Nicolai Dahl, að kveikja hjá Rakhmanínov kjark og sjálfstraust svo til varð nýtt verk, píanókonsert nr. 2. Konsertinum, sem tónskáldið tileinkaði Dahl, var fagnað ákaflega við frumflutninginn og hefur hann æ síðan verið meðal dáðustu píanókonserta tónlistarsögunnar.

Í viðtalsbókinni *Testimony* (Vitnisburður, 1979) segir Shostakovitsj m.a. um tíundu sinfóníuna: „Hún er Stalín og Stalínárin." Sannleiksgildi bókarinnar hefur verið dregið í efa en margir hafa þóst sjá lýsingar á einræðisherranum í tónlistinni sem fer allt frá því að vera innhverf og hæglát yfir í kaldhæðni og allt að því fullkomna heift. Þá notar tónskáldið nafn sitt í verkinu með eftirminnilegum hætti, það er að segja tónana d-es-c-h, sem hljóma í þriðja þætti verksins sem og í lokatöktum þess.

26.02 **SUNNUDAGUR**
Kl. 16:00

NORÐURLJÓS

Sæunn leikur Bach

EINLEIKSTÓNLEIKAR

Eins og svo margir var Sæunn Þorsteinsdóttir innilokuð um tíma meðan heimsfaraldur kórónuveiru gekk yfir. Snemma sumars 2020 pakkaði hún hins vegar sellóinu niður þar sem hún var stödd í Bandaríkjunum og hélt til Íslands. Markmiðið var að leika allar sex sellósvítur Bachs, eina í einu í sex mismunandi kirkjum vestur á fjörðum. Á sumarsólstöðum fylltust guðshúsin af tónleikaþyrstum gestum sem margir fylgdu Sæunni, kirkju í kirkju – úr firði í fjörð, þar til loks síðasta svítan hljómaði við ysta haf þegar sólin rétt sleikti hafflötinn. Sæunn hljóðritaði svíturnar sex í framhaldinu og koma þær nú út á einleiksdiski undir merkjum bandarísku útgáfunnar Sono Luminus.

Johann Sebastian Bach
Sellósvíta nr. 1

Benjamin Britten
Sellósvíta nr. 1

Johann Sebastian Bach
Sellósvíta nr. 3

Þuríður Jónsdóttir
48 Images of the Moon

Johann Sebastian Bach
Sellósvíta nr. 5

Sæunn Þorsteinsdóttir
einleikari



03.03 **FÖSTUDAGUR**
Kl. 18:00

NORÐURLJÓS

Árstíðir í múmíndal

FÖSTUDAGSRÖÐ

Bækur Tove Jansson um múmínálfana hafa áratugum saman notið mikilla vinsælda meðal barna og fullorðinna, enda búa skáldverkin og teikningarnar sem þeim fylgja yfir marglaga seiðmagni og visku. Heimspekilegri og dekkri hliðar múmíndalsins og íbúa hans hafa veitt fjölmörgum fullorðnum listamönnum úr ýmsum áttum innblástur. Einn þeirra er finnska tónskáldið Lauri Porra sem auk fjölbreyttra tónsmíða hefur getið sér gott orð sem bassaleikari þungarokksveitarinnar Stratovarius. Þess má reyndar geta að Porri er barnabarnabarn Sibeliusar, þjóðartónskálds Finna. Tónverk hans sem hér hljómar nefnist *Árstíðir í múmíndal* en þar fléttast tónlist Porra fyrir sinfóníuhljómsveit saman við texta og myndir Tove Jansson á hrífandi hátt. Ómótstæðilegir föstudagstónleikar sem íslenskir aðdáendur múmínálfanna ættu ekki að láta framhjá sér fara.

Lauri Porra
Árstíðir í múmíndal

Sinfóníuhljómsveit Íslands

09.03 **FIMMTUDAGUR**
Kl. 19:30

ELDBORG

Tónleikakynning
Kl. 18:00

Johannes Brahms
Sinfónía nr. 3
Píanókonsert nr. 2

Bertrand de Billy
hljómsveitarstjóri

Sunwook Kim
einleikari

Sunwook Kim leikur Brahms

Suður-kóreski píanóleikarinn Sunwook Kim vakti heimsathygli þegar hann fór með sigur af hólmi í Leeds-píanókeppninni árið 2006, þá einungis 18 ára gamall, og varð þar með yngsti sigurvegarinn í 40 ára sögu keppninnar. Upp frá því hefur hann verið eftirsóttur einleikari og hafa gagnrýnendur lýst leik hans sem kraftmiklum, listfengum og lýrískum.

Sunwook Kim þreytir nú frumraun sína með Sinfóníuhljómsveit Íslands og leikur hinn stórbrotna píanókonsert nr. 2 eftir Johannes Brahms. Konsertinn er mikilfenglegur og sinfónískur í hugsun, en býr einnig yfir fíngerðri lýrík – til að mynda í samspili píanós og sellós í yndisfögrum hæga kaflanum.

Franski hljómsveitarstjórinn Bertrand de Billy er aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hann fylgir nú eftir vel heppnuðum flutningi á fyrstu sinfóníu Brahms á síðasta starfsári. Þeir tónleikar voru upphafið að Brahms-hring sem de Billy leiðir til lykta á þessu starfsári með því að stjórna hinum sinfóníunum þremur. Þriðja sinfónía Brahms er styst þeirra allra en hlaðin tónlistarlegu inntaki.

16.03 **FIMMTUDAGUR**
Kl. 20:00

ELDBORG

Tónleikakynning
Kl. 18:30

Bertrand de Billy stjórnar Brahms

Það tók Johannes Brahms 21 ár að ljúka við fyrstu sinfóníu sína en biðin eftir sinfóníu númer tvö var öllu styttri. Hún leit dagsins ljós árið 1877, en verkið samdi tónskáldið þá um sumarið í litlum sumardvalarstað í Austurríki, Pörtschach am Wörthersee. Verkið er glaðvært og hefur stundum verið líkt við sveitasinfóníu Beethovens (nr. 6). Því var feikna vel tekið, til að mynda af hinum áhrifamikla austurríska gagnrýnanda, Eduard Hanslick, sem sagði meðal annars að sinfónían „stafaði hlýjum sólargeislum á bæði lærða og leika".

Bertrand de Billy, aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, kemur reglulega fram með fremstu hljómsveitum heims ásamt því að stjórna í óperuhúsum á borð við Covent Garden í Lundúnum, Metrópólítan-óperuna í New York og Vínaróperuna. Verkaskrá hans rúmar allt frá Bach til samtímaverka og hann er reglulegur gestur á helstu tónlistarhátíðum veraldar. Hann hóf að stjórna öllum sinfóníum Brahms með Sinfóníuhljómsveit Íslands á síðasta starfsári og lýkur hringnum nú í vor.

Johannes Brahms
Sinfónía nr. 2

Bertrand de Billy
hljómsveitarstjóri

22.–25.03

MIÐVIKUDAGUR Kl. 19:00
FIMMTUDAGUR Kl. 19:00
FÖSTUDAGUR Kl. 19:00
LAUGARDAGUR Kl. 14:00

ELDBORG

Harry Potter og leyniklefinn™

IN CONCERT

Kvikmyndin Harry Potter og leyniklefinn™ er önnur myndin í röðinni um ævintýraveröld galdrakrakkanna fræknu. Hún naut gríðarlegra vinsælda þegar hún kom út og þar fylgdu þau Daniel Radcliffe, Emma Watson og Rupert Grint eftir eftirminnilegum leik sínum úr fyrstu kvikmyndinni. Þegar hér er komið sögu eru þau á öðru ári í Hogwarts™-skóla og lenda í miklum háska þegar skelfileg óværa sleppur út úr hinum leyndardómsfulla leyniklefa. Kvikmyndin hlaut BAFTA-verðlaun á sínum tíma og tónlistin eftir John Williams var tilnefnd til Grammy-verðlauna.

Eins og í fyrstu myndinni leikur tónlistin stórt hlutverk. Þannig notar Williams leiðarstef til þess að lýsa persónum og stöðum. Um er að ræða eitt dáðasta ævintýri síðari ára sem verður ljóslifandi á kvikmyndatjaldinu með lifandi tónlistarflutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Chris Columbus
leikstjóri

John Williams
tónlist

Timothy Henty
hljómsveitarstjóri

WIZARDING WORLD and all related trademarks, characters, names, and indicia are © & ™ Warner Bros. Entertainment Inc. Publishing Rights © JKR. (s22)

30.03

FIMMTUDAGUR Kl. 19:30

ELDBORG

Tónleikakynning
Kl. 18:00

Unsuk Chin
Subito con forza

Dmítrij Shostakovitsj
Sellókonsert nr. 1

Ludwig van Beethoven
Sinfónía nr. 6

Dmítrij Matvienko
hljómsveitarstjóri

Sæunn Þorsteinsdóttir
einleikari

Sæunn leikur Shostakovitsj

Kóreska tónskáldið Unsuk Chin hefur um árabil verið í hópi fremstu samtímatónskálda á heimsvísu. Hún hlaut hin virtu Léonie Sonning-verðlaun árið 2021, en meðal fyrri verðlaunahafa eru Igor Stravinskíj og Arvo Pärt. Árið 2019 sagði listrýnir The Guardian að sellókonsert Chin væri eitt af allra bestu tónverkum 21. aldarinnar til þessa. Verkið, *Subito con forza,* samdi hún í tilefni af 250 ára afmæli Beethovens en það var frumflutt á Proms-tónlistarhátíðinni 2021 og hlaut þar lofsamlega gagnrýni, m.a. í stórblaðinu The Times.

Sæunn Þorsteinsdóttir, staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands, er einn fremsti sellisti Íslands og hefur hlotið verðskuldaða athygli fyrir tilfinningaþrunginn leik sinn. Hún heldur tónleika víða um heim, er m.a. fastagestur í Carnegie Hall og kom fram með Filharmóníusveitinni í Los Angeles á rómaðri Íslandshátíð þeirra. Þá hefur hún verið tilnefnd til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs. Hér leikur hún fyrri sellókonsertinn eftir Shostakovitsj en konsertinn samdi tónskáldið árið 1959 og tileinkaði góðvini sínum, rússneska sellóleikaranum Mstislav Rostropovítsj sem frumflutti konsertinn í Leníngrad sama ár.

Hvít-Rússinn Dmítrij Matvienko bar sigur úr býtum í hinni alþjóðlegu Malko-keppni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2021. Hann nam upphaflega kórstjórn og var félagi í kór musicAeterna-hópsins en nam síðar hljómsveitarstjórn í Moskvu. Hann stjórnar nú Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta skipti en síðast á efnisskránni hljómar sveitasinfónía Beethovens. Hún er í fimm þáttum, þar á meðal hinn undurblíði annar þáttur, *Við lækinn*.

Innblásturinn er alltaf tónlistin sjálf

ANNA ÞORVALDSDÓTTIR,
STAÐARTÓNSKÁLD, TEKIN TALI

Anna Þorvaldsdóttir hefur verið staðartónskáld Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2018. Hún er áhrifavaldur á sviði samtímatónsmíða og verk hennar eru flutt af fremstu hljómsveitum og tónlistarfólki heims. Nægir þar að nefna fílharmóníusveitirnar í Berlín, Los Angeles og New York. Verk Önnu verða ofarlega á baugi hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands á starfsárinu, í Hörpu sem og á tónleikaferð hljómsveitarinnar til Bretlands. Meðal verka sem hljóma er ARCHORA, glænýtt verk sem Anna hefur nýlokið við, og verður frumflutt á Proms-tónlistarhátíðinni í Lundúnum í ágúst 2022 undir stjórn Evu Ollikainen en það var pantað sérstaklega á hátíðina í samstarfi við aðrar hljómsveitir, þar á meðal Sinfóníuhljómsveit Íslands.

„ARCHORA var rúmlega ár í smíðum. Ég hef mikla ástríðu fyrir að skrifa stór verk, og sérstaklega fyrir hljómsveit, svo ég reyndi að láta það ekki trufla ferlið að enn voru að koma til lokanir og frestanir á tónleikum á sama tíma og ég skrifaði verkið, frá 2021 til 2022. Aðal innblástur verksins tengist ákveðinni frumorku og þeim andstæðum sem geta búið í sama efninu eða sama heimi." Að sögn Önnu er grunnhugmyndin um þá tvístrun sem verður til þegar hlutirnir glata innbyrðis tengingu sín á milli og öfgarnar verða því nær óþekkjanlegar sem hluti af sama heimi. En „framvinda verksins og efnið stýrist af þessum andstæðu öflum, sem þó eru nátengd." Fyrir Önnu þjónar innblásturinn þó alltaf fyrst og fremst tónlistinni sjálfri (en ekki öfugt).

BYGGÐ Á HINU BROTHÆTTA SAMBANDI MANNESKJUNNAR VIÐ NÁTTÚRUNA

Við báðum svo Önnu að segja okkur aðeins frá *CATAMORPHOSIS* og frumflutningnum sem fór fram í Berlín í janúar 2021, mitt í Covid-19. „Ég skrifaði *CATAMORPHOSIS* að mestu leyti árið 2020 og það var afskaplega sérstakt að skrifa þetta stóra verk á sama tíma og verið var að hætta við og fresta tónlistarflutningi um allan heim. En það var gott að sitja við að skrifa verkið á þeim tíma og ná að hvíla í tónlistinni." Að sögn Önnu er aðal hugmyndin að baki *CATAMORPHOSIS* „byggð á hinu brothætta sambandi manneskjunnar við náttúruna og þeirri hættu sem steðjar að ef ekkert verður að gert." Anna segir að verkið sé persónulegt og nokkuð dramatískt en líka fullt af bjartsýni. „Það var síðan á einhvern hátt heimsendalegt þegar frumflutningur verksins fór fram fyrir tómum sal á netinu í janúar 2021 í *Digital Concert Hall* hjá Berlínarfílharmóníunni undir stjórn Kirills Petrenko. Það var auðvitað alveg frábært að þau skyldu geta haldið tónleikana og frumflutt undir þessum kringumstæðum og líka gott að tónleikarnir voru strax aðgengilegir um allan heim." Anna gat sjálf ekki verið á staðnum vegna ferðatakmarkana en hún átti fjölmörg „afskaplega góð samtöl við Petrenko og fékk sendar upptökur af æfingunum hjá þeim til að bregðast við og æfa þannig með þeim úr fjarska. En ég mun örugglega aldrei gleyma þessari sérstöku reynslu af svona stórum frumflutningi." Verkið *CATAMORPHOSIS* verður á dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands í lok september 2022.

INNBLÁSTURINN ER ALLTAF TÓNLISTIN SJÁLF

METACOSMOS verður meðal annars flutt á tónleikaferð Sinfóníuhljómsveitar Íslands til Bretlands vorið 2023. Verkið var frumflutt af Fílharmóníusveit New York-borgar í apríl árið 2018 undir stjórn Esa-Pekka Salonen – en hvað getur Anna sagt okkur um það verk? „Í *METACOSMOS* varð hugmyndin um sambandið á milli óreiðu og fegurðar strax mjög sterkur innblástur, og þá sérstaklega það hvernig óreiða getur umbreyst í samheldna og formsterka heild." Sjálf notar Anna myndlíkinguna um að falla í svarthol til að lýsa grunnhugmyndinni. „Í verkinu birtist þessi hugmynd í grunninn sem marglaga togstreita, á milli mismunandi afla og á milli óreiðu og fegurðar. Úr þessu öllu saman verða til margir mismunandi heimar, þar sem mismunandi öfl takast á. Það er þó ekki þannig að tónlistin sem slík beinlínis lýsi þessu – hugmyndirnar eru auðvitað aðeins innblástur og leið til að vinna með efnivið og framvindu tónlistarinnar. Ég reyni ekki að lýsa innblæstrinum í gegnum tónlist, heldur verður tónlistin til þegar ég finn eiginleika í hugmyndum sem ég skynja „tónlistarlega". Síðan, þegar tónlistin er tilbúin, þá finnst mér alltaf mikilvægast að hver hlustandi nálgist hana á sínum forsendum."

Hvað er svo framundanhjá þér? „Ég er alltaf með nokkurra ára dagskrá af pöntunum og er með spennandi verkefni fram undan. Til dæmis er ég að skrifa stórt rýmisverk fyrir Sinfóníuna sem heitir *METAXIS*, þar sem sinfónían verður dreifð um hin ýmsu rými og á mismunandi hæðum í Hörpu - þetta verður því ekki tónleikaverk sem slíkt heldur einskonar innsetning fyrir dreifða hljómsveit. Síðan er næsta stóra verk sellókonsert, en hann verður frumfluttur í San Francisco vorið 2024 undir stjórn Esa-Pekka Salonen og Sinfóníuhljómsveit Íslands er líka aðili að þeirri pöntun. Síðan er ég með nokkur minni verk á dagskrá, til dæmis nýjan strengjakvartett fyrir Danish String Quartet og klukkustundar langt kammerverk fyrir bandaríska flautuleikarann Claire Chase – bæði verða frumflutt í Carnegie Hall í New York vorið 2023. Síðan eru fleiri stór hljómsveitarverk í farvatninu í náinni framtíð"

14.04 **FÖSTUDAGUR**
KL. 19:30

Tónleikakynning
KL. 18:00

ELDBORG

Anna, Sibelius og Tsjajkovskíj

Á þessum síðustu tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Eldborg fyrir tónleikferð sína um Bretland má segja að kosmískir kraftar leysist úr læðingi. Á fyrri hluta tónleikanna hljóma bæði margrómað hljómsveitarverk Önnu Þorvaldsdóttur, METACOSMOS, sem hljómað hefur af sviðinu hjá mörgum af helstu sinfóníuhljómsveitum heims, og hið óvenjulega meistaraverk Sibeliusar, *Luonnotar*, en það er samið við erindi úr þjóðkvæðabálkinum Kalevala þar sem segir frá sköpun heimsins. Gyðjan Luonnotar stígur niður úr híbýlum guðanna og skapar jörðina og himnana.

Einsöngvari í tónaljóði Sibeliusar er finnska sópran-söngkonan Anu Komsi. Hún hefur hlotið mikið lof fyrir raddfegurð sína, feikilega tækni og frumleg tök, jafnt á hefðbundnum söngperlum og framsækinni samtíma-tónlist. Í upphafi tónleikanna hljómar einskonar konsert fyrir kólóratúr-sópran, *Voice verser,* sem finnska samtímatónskáldið Jukka Tiensuu samdi fyrir Komsi. Verkið er óður án orða til raddarinnar og möguleika hennar – tónmálið er frumlegt, framandi og fullt af glettni.

Tónleikunum lýkur á einu af öndvegisverkum Tsjajkovskíjs, fimmtu sinfóníunni, sem hann samdi á hátindi ferils síns, skömmu áður en hann hófst handa við ballettinn um Þyrnirós. Verkið hefur hrifið hlustendur allt frá fyrsta degi. Jafnvel Johannes Brahms, sem lét sér annars fátt um finnast þegar kom að tónlist Tsjajkovskíjs, heyrði tónskáldið stjórna sinfóníunni í Hamborg árið 1889 og gat ekki annað en játað að hún væri framúrskarandi tónsmíð.

Jukka Tiensuu
Voice verser

Anna Þorvaldsdóttir
METACOSMOS

Jean Sibelius
Luonnotar

Þjotr Tsjajkovskíj
Sinfónía nr. 5

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Anu Komsi
Einsöngvari

20.–28.04

BRETLAND

Tónleikaferð til Bretlands

Sinfóníuhljómsveit Íslands fer í tónleikaferð til Bretlands í apríl og heldur sjö tónleika undir stjórn Evu Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóra sveitarinnar. Einleikari í ferðinni verður Stephen Hough, sem er jafnan talinn í hópi virtustu og fjölhæfustu píanóleikara samtímans.

Verk eftir Önnu Þorvaldsdóttur, staðartónskáld hljóm-sveitarinnar, *METACOSMOS*, verður flutt á öllum tónleikum í ferðinni. Önnur verk á efnisskránni eru píanókonsert nr. 2 eftir Rakhmanínov og píanókonsert nr. 3 eftir Beethoven auk 5. sinfóníu Tsjajkovskíjs.

Hljómsveitin mun leika í nokkrum helstu tónleikasölum Bretlands. Tónleikaferðin er farin í kjölfar velheppnaðrar ferðar hljómsveitarinnar um Bretland árið 2020 en þá komu strax fram óskir um að fá hljómsveitina sem fyrst aftur í heimsókn. Hljómsveitin hlaut mikið lof og gaf gagnrýnandi Reviews Gate tónleikunum í Nottingham fimm stjörnur og sagði: „Blóðheit spilamennska ásamt stefnufastri túlkun skildi áheyrendur eftir þyrsta í að heyra meira.“

Anna Þorvaldsdóttir
METACOSMOS

Sergej Rakhmanínov
Píanókonsert nr. 2

Ludwig van Beethoven
Píanókonsert nr. 3

Þjotr Tsjajkovskíj
Sinfónía nr. 5

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Stephen Hough
einleikari

20. apríl kl. 19:30
Cadogan Hall, London

21. apríl kl. 19:30
Symphony Hall, Birmingham

23. apríl kl. 15:00
Usher Hall, Edinburgh

25. apríl kl. 19:30
Bridgewater Hall, Manchester

26. apríl 19:30
Royal Concert Hall, Nottingham

27. apríl kl. 19:30
St. David's Hall, Cardiff

28. apríl kl. 19:45
The Anvil, Basingstoke

ELDBORG

Dýrasinfónían

Búast má við mikilli leikgleði þegar *Dýrasinfónían* eftir bandaríska rithöfundinn Dan Brown verður flutt í Hörpu. Hann er þekktastur fyrir bækur á borð við Da Vinci lykilinn en bregður hér á leik í skemmtilegu ævintýri þar sem dýrin eru í aðalhlutverki.

Fyrsti þáttur *Leikfangasinfóníunnar* verður fluttur með aðstoð Maxa og ungra einleikara úr Skólahljómsveit Austurbæjar sem leika á dótatrompet, trommu, þríhorn, næturgala- og gauksflautu og hrossabrest. Það má búast við mikilli leikgleði þegar Maxi og félagar slást í för með Sinfóníunni.

Sannkölluð ævintýraferð fyrir alla fjölskylduna.

Leopold Mozart
Leikfangasinfónían, 1. þáttur

Dan Brown
Dýrasinfónían

Susan Baton
myndir

Aliisa Neige Barrière
hljómsveitarstjóri

Leikfangasextett
Nemendur úr Skólahljómsveit Austurbæjar

Almar Blær Sigurjónsson
sögumaður





19.05 **FÖSTUDAGUR** Tónleikakynning
Kl. 19:30 Kl. 18:00

ELDBORG

Faust leikur Dvořák

Isabelle Faust er einn fremsti fiðluleikari samtímans og íslenskum tónleikagestum að góðu kunn, en margir muna eflaust eftir túlkun hennar á fiðlukonserti Brahms vorið 2019. Faust var einnig staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2010-11. Faust kemur reglulega fram með Berlínarfílharmóníunni og hlaut með þeim Gramophone-verðlaunin 2017 fyrir túlkun sína á konsertum Mozarts. Nú leikur Faust hinn rómaða fiðlukonsert Dvořáks sem var frumfluttur í Prag árið 1883.

Gustav Mahler samdi risavaxin verk og er fimmta sinfónían þar engin undantekning. Þannig varð tónlistarlegur módernismi áranna í kringum aldamótin 1900 stundum að því sem nefnt hefur verið „maxímalismi“, það er að segja verk urðu gríðarlega stór í sniðum. Fimmta sinfónían var frumflutt í október árið 1904 og lætur hún engan ósnortinn, hvort heldur um er að ræða kraftmikið og voldugt upphafið, glæsilegt hornsóló í þriðja þætti eða angurværan fjórða þáttinn (Adagietto) sem oft er fluttur einn og sér. Hér fylgir Eva Ollikainen eftir framúrskarandi túlkun sinni á fyrstu sinfóníu tónskáldsins á 70 ára afmælistónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands vorið 2020.

Antonín Dvořák
Fiðlukonsert

Gustav Mahler
Sinfónía nr. 5

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Isabelle Faust
einleikari

25.05 **FIMMTUDAGUR**
Kl. 19:30

ELDBORG

Efnisskrá kynnt síðar

Nathanaël Iselin
hljómsveitarstjóri

Sigurvegarar úr einleikarakeppni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Listaháskóla Íslands.

Ungir einleikarar

Á hverju ári fer fram keppni ungra einleikara sem Sinfóníuhljómsveit Íslands stendur fyrir í samvinnu við Listaháskóla Íslands. Keppnin er opin nemendum á háskólastigi, óháð því hvaða skóla þeir sækja, og fá þeir hlutskörpustu að leika einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum í Eldborg. Stjórnandi að þessu sinni er Nathanaël Iselin staðarhljómsveitarstjóri SÍ.

Sinfóníuhljómsveitin og Listaháskólinn leiða saman hesta sína og styðja við okkar efnilegasta tónlistarfólk á leið þess inn í heim atvinnumennskunnar. Óhætt er að segja að mikil eftirvænting ríki á hverju ári í aðdraganda þessara tónleika og stemningin á tónleikunum sjálfum er engu lík.

Einleikarakeppni SÍ og LHÍ fer fram í byrjun árs 2023 og verða nöfn sigurvegaranna birt á vef hljómsveitarinnar og þegar úrslit liggja fyrir.

01.06 **FIMMTUDAGUR**
Kl. 20:00

ELDBORG

Carmina Burana

Carl Orff
Carmina Burana

Gunnsteinn Ólafsson
hljómsveitarstjóri

Háskólakórinn
Söngsveitin Fílharmónía
Háskólakórinn í Graz
Skólakór Kársness
Drengjakór Reykjavíkur

Herdís Anna Jónasdóttir
Oddur Arnþór Jónsson
Þorsteinn Freyr Sigurðsson
einsöngvarar

Líklegt má telja að ekkert klassískt tónverk frá 20. öld hafi notið jafn mikilla vinsælda og Carmina Burana eftir þýska tónskáldið Carl Orff. Heiti verksins kemur úr handriti frá 12. og 13. öld þar sem er að finna trúar-, drykkju- og ástarsöngva. Upphafskaflinn, O Fortuna, þar sem sungið er um gæfuhjólið sem snýst í sífellu og breytir stöðu manna á augabragði, er án efa þekktasti hluti verksins en tónlistina úr Carmina Burana má heyra víða, meðal annars í auglýsingum, kvikmyndum og tölvuleikjum.

Hér tekur stór hópur kóra og einsöngvara saman höndum með Sinfóníuhljómsveit Íslands og flytur verkið undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar.

08.06 **FIMMTUDAGUR**
Kl. 19:30

Tónleikakynning
Kl. 18:00

ELDBORG

Hadelich leikur Brahms

Hinn þýsk-bandaríski Augustin Hadelich sló eftirminnilega í gegn á 70 ára afmælistónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands vorið 2020 þegar hann lék fiðlukonsertinn eftir Sibelius. Hann snýr nú aftur og leikur hinn glæsilega, tilfinningaþrungna og oft átakanlega fiðlukonsert Brahms en Hadelich hefur á síðustu árum skipað sér í fremstu röð fiðluleikara á heimsvísu. Hann var útnefndur hljóðfæraleikari ársins 2018 af tímaritinu Musical America og hefur unnið til Grammy-verðlauna. Augustin Hadelich leikur á fiðlu sem Giuseppe Guarneri del Gesù smíðaði árið 1744.

Bertrand de Billy, aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, lýkur svo yfirferð sinni yfir sinfóníur Brahms með þeirri fjórðu. Þar lítur Brahms um öxl, einkum til barokksins, en sinfónían var eitt síðasta hljómsveitarverk tónskáldsins. Verkið hefst á ljúfu og blíðu stefi sem þó er fullt trega. Tónskáldið leiðir okkur áfram í gegnum verkið með afar ljóðrænum hætti uns lokaþátturinn (sjankonna) birtist með sín þrjátíu tilbrigði yfir átta takta hljómagang sem fenginn er að láni úr kantötu nr. 150 eftir Bach, *Til þín, Drottinn, hef ég sál mína.*

Johannes Brahms
Fiðlukonsert

Johannes Brahms
Sinfónía nr. 4

Bertrand de Billy
hljómsveitarstjóri

Augustin Hadelich
einleikari

Í BEINNI Á RÁS EITT OG RÚV

Saga Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins er samofin og í áratugi hafa hlustendur Rásar 1 um allt land, og í seinni tíð á netinu um allan heim, getað hlustað á tónleika hljómsveitarinnar í beinni útsendingu á Rás 1. Mikil áhersla er lögð á vandaða dagskrárgerð og eru nær allir tónleikar Sinfóníunnar sendir út. Hægt er að nálgast upptökur frá tónleikum og Á leið í tónleikasal á ruv.is. RÚV sjónvarpar einnig beint frá fernum tónleikum í Grænu röðinni á fimmtudagskvöldum og Klassíkin okkar og Jólatónleikar eru á sínum stað í dagskránni á RÚV.

VINAFÉLAG SINFÓNÍUNNAR

Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands er öflugur vettvangur fyrir þá sem láta sig starfsemi hljómsveitarinnar miklu varða. Félagið hefur í gegnum tíðina staðið fyrir tónleikakynningum, fyrirlestrum og málþingum um sígilda tónlist og hefur einnig styrkt fjárhagslega ákveðin verkefni tengd hljómsveitinni. Starfsemi félagsins hefur mælst afar vel fyrir. Allir geta orðið meðlimir í Vinafélaginu og hægt er að skrá sig á sinfonia.is/vinafelag eða í miðasölu Hörpu.

Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands, í samvinnu við Sinfóníuhljómsveitina, býður upp á fjölda tónleikakynninga í Hörpuhorni á starfsárinu.

TÓNLEIKAKYNNING

Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands, í samvinnu við Sinfóníuhljómsveitina, býður upp á fjölda tónleikakynninga í Hörpuhorni á starfsárinu. Veitingasala í Hörpuhorni hefst á tónleikadegi kl. 18:00 og geta gestir setið í notalegu umhverfi og pantað veitingar.
Sjálf kynningin hefst kl. 18:20 og stendur í hálftíma.

Í grænni tónleikaröð (nema á Vínartónleikum) hefst veitingasala kl. 18:45 og sjálf kynningin hefst kl. 19:00 þar sem tónleikarnir hefjast kl. 20:00.

Tónleikakynningar eru haldnar í Hörpuhorni á 2. hæð fyrir framan Eldborg.

BARNASTUNDIR SINFÓNÍUNNAR

Á Barnastundum Sinfóníuhljómsveitarinnar er áhersla lögð á notalegheit og nánd við hljómsveitina þar sem létt og leikandi tónlist er flutt fyrir allra yngstu hlustendurna. Barnastundirnar hafa notið mikilla vinsælda og eru sannkallaðar gæðastundir og góður upptaktur að ljúfum degi. Dagskráin er um það bil hálftímalöng og er leidd af konsertmeisturum Sinfóníuhljómsveitarinnar.

SKÓLAKORTIÐ

Námsmenn yngri en 25 ára eiga kost á frábæru tilboði til að njóta tónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar. Námsmenn ná sér í Skólakort Sinfóníunnar í miðasölu Hörpu með því að framvísa sínu nemendakorti og geta með því keypt miða á tónleikadegi á alla almenna tónleika Sinfóníunnar á aðeins 2.100 kr. Hægt er að kaupa miða á skólakortskjörum hvar sem er í salnum, allt eftir því hvað er laust. Það er ekki hægt að láta svona kostakjör renna sér úr greipum.

OPNAR ÆFINGAR

Sinfóníuhljómsveitin opnar dyrnar að lokaæfingum á tónleikadegi fyrir alla áskriftartónleika í gulri og rauðri röð á nýju starfsári. Hægt verður að kaupa aðgang að æfingunum í miðasölu Hörpu og á sinfonia.is. Lokaæfingin hefst kl. 10:00 en aðgangur er takmarkaður við ákveðin sæti í Eldborg. Þetta er tilvalið tækifæri til að dýpka upplifun og skilning á tónlistinni sem flutt verður á tónleikum um kvöldið.

www.sinfonia.is/aefingar

ÖFLUGT FRÆÐSLUSTARF

Öflugt og fjölbætt fræðslustarf er mikilvægur þáttur í starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar, og hefur verið allt frá stofnun. Fræðslustarfið er í stöðugri framþróun þar sem áhersla er lögð á gæði, fjölbreytileika og samstarf. Skólatónleikar, skólaheimsóknir og leiðsögn nemendahópa er fastur liður í starfsemi hljómsveitarinnar sem einnig starfar að langtímaverkefnum með ungu fólki, bæði einleikurum og hljóðfærahópum. Þróunarverkefni af ýmsum toga eru unnin í samvinnu við skóla og lengra komna nemendur í listnámi.

Hægt er að nálgast allar upplýsingar um fræðslustarf á **sinfonia.is/fraedslustarf**

NÝJAR HLJÓÐRITANIR

Á hverju starfsári hljóðritar Sinfóníuhljómsveit Íslands verk til alþjóðlegrar útgáfu í samstarfi við leiðandi útgáfufyrirtæki á heimsvísu. Áhugi erlendra útgefenda á samstarfi við hljómsveitina hefur farið vaxandi á síðustu árum, ekki síst þegar kemur að útgáfu á íslenskri tónlist.
Á komandi starfsári mun hljómsveitin meðal annars hljóðrita tvö verk Önnu Þorvaldsdóttur, hið nýja ARCHORA og AION-sinfóníuna, undir stjórn Evu Ollikainen aðalhljómsveitarstjóra. Á starfsárinu kemur líka út ný hljómplata undir merkjum útgáfufyrirtækisins Sono Luminus þar sem verk íslenskra og bandarískra samtímatónskálda eru í forgrunni. Daníel Bjarnason stjórnaði hljómsveitinni, en verkin eru eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur, Önnu Þorvaldsdóttur, Missy Mazzoli og Báru Gísladóttur.



Sinfóníuhljómsveit Íslands 2022-23

1. FIÐLA
Sigrún Eðvaldsdóttir
1. konsertmeistari
Vera Panitch
2. konsertmeistari
Una Sveinbjarnardóttir
3. konsertmeistari
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Laufey Jensdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Laura Liu
Lin Wei
Margrét Kristjánsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Pálína Árnadóttir
Zbigniew Dubik

2. FIÐLA
Páll Palomares
NN*
Dóra Björgvinsdóttir
Greta Guðnadóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Ingrid Karlsdóttir
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Roland Hartwell
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross

VÍÓLA
Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Porfiris
Eyjólfur Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Lucja Koczot
Sarah Buckley
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson

SELLÓ
Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Guðný Jónasdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
NN*

BASSI
Xun Yang
NN*
Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson**

FLAUTA
NN*
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ
Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

KLARINETT
Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT
NN*
Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

HORN
Stefán Jón Bernharðsson
Asbjørn Bruun
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin
Joseph Ognibene

TROMPET
NN*
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA
Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson

BASSABÁSÚNA
David Bobroff

TÚBA
Nimrod Ron

HARPA
Katie Buckley

PÍANÓ
NN*
Helga Bryndís Magnúsdóttir**

PÁKUR
Soraya Nayyar

SLAGVERK
Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

* ráðningarferli í vinnslu
** tímabundin ráðning

Starfsfólk

FRAMKVÆMDASTJÓRI
Lára Sóley Jóhannsdóttir

LISTRÆNN RÁÐGJAFI
Halla Oddný Magnúsdóttir

VIÐBURÐA- OG SKIPULAGSSTJÓRI
Valdís Þorkelsdóttir

VERKEFNASTJÓRI VIÐBURÐA
Jökull Torfason

MARKAÐS- OG KYNNINGARSTJÓRI
Margrét Ragnarsdóttir

MARKAÐS- OG KYNNINGARFULLTRÚI
Inga María Leifsdóttir

FRÆÐSLUSTJÓRI
Hjördís Ástráðsdóttir

MANNAUÐSSTJÓRI
Dagrún Hálfdánardóttir

FJÁRMÁLASTJÓRI
Svanhvít Hrólfsdóttir

SKJALA- OG SKRIFSTOFUFULLTRÚI
Kristín Björg Björnsdóttir

NÓTNAVÖRÐUR
Kristbjörg Clausen

UMSJÓNARMAÐUR NÓTNA
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað

VERKEFNASTJÓRI SVIÐS- OG TÆKNIMÁLA
Sigþór J. Guðmundsson

SVIÐS- OG TÆKNIMAÐUR
Björk Björgúlfsdóttir

Stjórn

Sigurður Hannesson, *formaður*
Herdís Þórðardóttir, *varaformaður*
Oddný Sturludóttir
Hávarður Tryggvason
Friðjón R. Friðjónsson

Verkefnavalsnefnd

Halla Oddný Magnúsdóttir, *formaður*
Anna Þorvaldsdóttir
Asbjørn Bruun
Eva Ollikainen
Guðrún Hrund Harðardóttir
Hjördís Ástráðsdóttir
Margrét Ragnarsdóttir
Sigrún Eðvaldsdóttir
Sigurður Þorbergsson
Soraya Nayyar
Valdís Þorkelsdóttir

EVA OLLIKAINEN

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen tók við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2020. Hún stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Samstarf hennar við Sinfóníuhljómsveit Íslands spannar 17 ár eða allt frá árinu 2005. Eva hefur stjórnað mörgum virtum hljómsveitum, meðal annars útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, fílharmóníusveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sinfóníuhljómsveitinni í Vínarborg, Staatskapelle Dresden og Sinfóníuhljómsveit breska útvarpsins (BBC). Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden. Meðal verkefna hennar á starfsárinu eru tvennir tónleikar með Fílharmóníusveit Los Angeles í Hollywood Bowl og Walt Disney Hall og auk þess sem hún mun þreyta frumraun sína með BBC-sinfóníuhljómsveitinni á PROMS-tónlistarhátíðinni í Lundúnum sumarið 2022.

BERTRAND DE BILLY

AÐALGESTASTJÓRNANDI

Franski hljómsveitarstjórinn Bertrand de Billy gegnir stöðu aðalgestastjórnanda á árunum 2021-2023. Hann hefur getið sér einstaklega gott orð sem óperustjórnandi og stjórnandi sinfóníuskrar tónlistar. Hann var um skeið tónlistarstjóri við Liceu-óperuhúsið í Barcelona, aðalstjórnandi Útvarpshljómsveitarinnar í Vínarborg á árunum 2002–2010, og er nú aðalgestastjórnandi við Fílharmóníusveitina í Dresden. Þá stjórnar hann reglulega í óperuhúsum á borð við Vínaróperuna og Covent Garden sem og á tónlistarhátíðinni í Salzburg. Bertrand de Billy kom fyrst til Íslands í febrúar 2011 og stjórnaði meðal annars fjórðu sinfóníu Antons Bruckner. Hann stjórnaði hljómsveitinni aftur í Hörpu árið 2018 og vakti feykilega hrifningu hljómsveitar og áheyrenda. Á starfstíma de Billys með hljómsveitinni mun hann stjórna öllum sinfóníum Johannesar Brahms.

ANNA ÞORVALDSDÓTTIR

STAÐARTÓNSKÁLD

Anna Þorvaldsdóttir hefur skipað sér í fremstu röð tónskálda á heimsvísu undanfarin ár. Hún semur meðal annars stór sinfónísk verk fyrir helstu hljómsveitir heims, og hafa bæði Berlínarfílharmónían og Fílharmóníusveit New York-borgar frumflutt eftir hana tónverk á undanförnum árum. Anna hefur gegnt hlutverki staðartónskálds Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2018 en samstarf hennar við hljómsveitina spannar mun lengri tíma. Meðal annars samdi hún að beiðni hljómsveitarinnar verkið AERIALITY sem hljómaði fyrst árið 2011 og hefur heyrst víða um heim, meðal annars á nokkrum tónleikaferðalögum Sinfóníuhljómsveitarinnar á erlendri grund. Einn af hápunktum starfsársins 2022-23 verður flutningur á verkinu ARCHORA sem verður frumflutt á PROMS-tónlistarhátíðinni í Lundúnum sumarið 2022. Hljómsveitir víða um heim hafa þegar sett verkið á efnisskrár sínar enda telst nýtt verk Önnu Þorvaldsdóttur heimsviðburður.

SÆUNN ÞORSTEINSDÓTTIR

STAÐARLISTAMAÐUR

Sæunn Þorsteinsdóttir er afar eftirsóttur einleikari um heim allan og stórblaðið The New York Times hefur kallað leik hennar „afar grípandi“. Hún stundaði m.a. nám í Cleveland og New York (Juilliard) og hefur verið fastagestur í Carnegie Hall. Hún leikur einleik og kammertónlist jöfnum höndum og hefur m.a. komið fram með Fílharmóníusveitinni í Los Angeles, Sinfóníuhljómsveit breska útvarpsins (BBC) og Fílharmóníusveit norður-þýska útvarpsins (NDR) auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún kenndi um árabil sellóleik og kammertónlist við Washinghton-háskóla í Seattle en hefur störf við Cincinnati College Conservatory í Ohio í haust. Sæunn hefur unnið náið með tónskáldum á borð við Daníel Bjarnason, Pál Ragnar Pálsson, Halldór Smárason, Þuríði Jónsdóttur og Meliu Watras og frumflutt fjölda verka. Hún hljóðritar fyrir Sono Luminus og túlkun hennar á einleikssvítum Bach kemur út á einleiksplötu í febrúar 2023.

DANÍEL BJARNASON

LISTAMAÐUR Í SAMSTARFI

Daníel Bjarnason hefur átt farsælt samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands í rúman áratug, bæði sem hljómsveitarstjóri og tónskáld. Hann var staðarlistamaður á árunum 2015–2018 og aðalgestastjórnandi árin 2019–2021, en starfar nú með sveitinni sem „listamaður í samstarfi“ (Artist in Association). Tónsmíðar Daníels hafa vakið mikla athygli víða um heim og hafa margsinnis hljómað á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Daníel hefur stjórnað nokkrum hljóðritunum með hljómsveitinni fyrir Sono Luminus. Þannig hafa þrjár plötur forlagsins með íslenskri tónlist í flutningi hljómsveitarinnar vakið mikla athygli og var ein þeirra tilnefnd til Grammy-verðlauna fyrir besta hljómsveitarflutning.

STEPHEN HOUGH

LISTAMAÐUR Í SAMSTARFI

Stephen Hough er einn virtasti og fjölhæfasti píanóleikari samtímans. Hann var fyrsti klassíski tónlistarmaðurinn til að hljóta hin eftirsóttu MacArthur-verðlaun (2001), var gerður að heiðursfélaga í Royal Philharmonic Society (2016) og var sæmdur riddarakrossi (CBE) af Elísabetu Bretadrottningu árið 2014. Þá var hann útnefndur einn af 20 helstu fjölfræðingum veraldar af tímaritinu The Economist. Hann hefur komið fram með öllum helstu hljómsveitum heims og haldið einleikstónleika í Lundúnum, New York (Carnegie Hall og Lincoln Center), París, Hong Kong og Sidney, og m.a. komið fram í sjónvarpi með Berlínarfílharmóníunni og Sir Simon Rattle. Hann hefur einnig komið fram á fjölda tónlistarhátíða, m.a. í Aldeburgh, Edinborg, Salzburg og Tanglewood. Þá hefur hann komið fram 25 sinnum á PROMS-tónlistarhátíð Breska ríkisútvarpsins (BBC). Hough hefur hljóðritað yfir 60 geisladiska sem hafa hlotið ótal verðlaun. Hann er einnig afkastamikið tónskáld og mikilsvirtur rithöfundur og skrifar reglulega um tónlist í The Guardian, The Times, Gramophone og BBC Music Magazine.

OSMO VÄNSKÄ

HEIÐURSSTJÓRNANDI

Finnski hljómsveitarstjórinn Osmo Vänskä var aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árunum 1993-1996. Hann náði frábærum árangri með sveitinni og stjórnaði meðal annars fyrstu tónleikum hennar í Carnegie Hall í New York, sem fengu afbragðs dóma, meðal annars í The New York Times. Hann tók við stöðu heiðursstjórnanda Sinfóníuhljómsveitarinnar árið 2014 og hefur síðan að jafnaði stjórnað einum tónleikum á ári, meðal annars sinfóníum Gustavs Mahler. Osmo Vänskä nýtur mikillar virðingar á alþjóðlegum vettvangi. Hann var um árabil aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Lahti í Finnlandi og var aðalstjórnandi Minnesota-hljómsveitarinnar 2003-2022. Hann tók við stöðu aðalstjórnanda Fílharmóníusveitarinnar í Seúl í Suður-Kóreu árið 2020. Hljóðritanir hans hafa hlotið mikið lof, meðal annars túlkun hans á sinfóníum Sibeliusar með hljómsveitunum í Lahti og Minnesota og sinfóníum Mahlers með Minnesota-hljómsveitinni. Einnig hefur hann hljóðritað með Sinfóníuhljómsveit Íslands nokkur hljómsveitarverk Jóns Leifs fyrir BIS-útgáfuna, meðal annars Sögusinfóníuna.



VLADIMIR ASHKENAZY

AÐALHEIÐURSSTJÓRNANDI

Vladimir Ashkenazy vakti fyrst alþjóðlega athygli þegar hann hlaut önnur verðlaun í Chopin-keppninni í Varsjá árið 1955, og hann hreppti síðan fyrstu verðlaun í Queen Elisabeth-keppninni í Brussel 1956 og Tsjajkovskíj-keppninni í Moskvu 1962. Ashkenazy á að baki glæsilegan feril í hljóðverinu, en hann hefur verið samningsbundinn útgáfuforlaginu Decca frá árinu 1963. Hann hefur hlotið sjö Grammy-verðlaun, m.a. sem besti einleikari með hljómsveit, fyrir bestu kammerhljóðritun og besta einleiksdisk. Samstarf Ashkenazys og Sinfóníuhljómsveitar Íslands spannar meira en hálfa öld. Hann kom fyrst fram með hljómsveitinni árið 1964 og stjórnaði henni í fyrsta sinn árið 1971. Hann hefur verið heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2002. Ashkenazy gegndi lykilhlutverki í því að hvetja ráðamenn til byggingar tónlistarhúss í Reykjavík og stjórnaði opnunartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu vorið 2011. Síðast kom hann fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands á tólf tónleikum í Japan í nóvember 2018 en Ashkenazy settist í helgan stein sem hljómsveitarstjóri árið 2020. Forseti Íslands sæmdi Ashkenazy stórkrossi hinnar íslensku fálkaorðu í apríl 2018 fyrir framlag sitt til íslensks tónlistar- og menningarlífs.

NATHANAËL ISELIN

STAÐARHLJÓMSVEITARSTJÓRI

Franski hljómsveitarstjórinn Nathanaël Iselin hefur vakið mikla athygli fyrir tónlistarhæfileika sína á undanförnum árum. Hann er aðstoðarstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Árósa og hlaut í fyrra fyrstu verðlaun í hinni virtu Panula-hljómsveitarstjórakeppni sem haldin er í Vaasa í Finnlandi. Á síðasta starfsári stjórnaði Iselin meðal annars Þjóðarhljómsveitinni í Montpellier og Sinfóníuhljómsveitinni í Lahti í Finnlandi. Árið 2019 stjórnaði hann Fílharmóníusveit Kaupmannahafnar á sérstökum hátíðartónleikum fyrir Margréti Þórhildi Danadrottningu. Iselin lærði hljómsveitarstjórn við fjóra af kunnustu tónlistarháskólum Evrópu: Sibeliusarakademíuna í Helsinki, Conservatoire National Supérieur de Musique í París, Hochschule der Künste í Zürich og Konunglega Danska tónlistarháskólann. Meðal lærimeistara hans voru Mariss Jansons, Susanna Mälkki og Jorma Panula. Iselin er einnig slagverksleikari og hefur meðal annars leikið með Ensemble Intercontemporain og Óperuhljómsveitinni í Limoges. Hann stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands á páskatónleikum 2022 og var í kjölfarið boðin staða staðarhljómsveitarstjóra.

TVG-ZIMSEN

FLUTNINGSMIÐLUN

STOLTUR BAKHJARL
SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS
Í FLUTNINGUM

MIÐASALA Í HÖRPU SINFONIA.IS / 528 50 50

TRYGGÐU ÞÉR GOTT SÆTI Á BETRA VERÐI

ALMENNT MIÐAVERÐ
Miðaverð á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands getur verið breytilegt. Boðið er upp á ólík verðsvæði í Eldborg og því ættu allir að geta valið sér sæti. Nánari upplýsingar um verð á einstaka tónleika er að finna á sinfonia.is og í miðasölu Hörpu.

ÁSKRIFTARKORT
Áskrift að tónleikaröðum og Regnbogakorti Sinfóníuhljómsveitarinnar veitir **20%** afslátt frá almennu miðaverði. Tvær raðir veita **25%** afslátt af miðaverði og þrjár raðir veita **30%** afslátt. Áskrifendur fá einnig **10%** afslátt af viðbótarmiðum á alla tónleika. Endurnýjun og sala korta fer fram á sinfonia.is og í miðasölu Hörpu.

FÖSTUDAGSRÖÐIN OG SVARTA RÖÐIN
Hægt er að kaupa áskrift að Föstudagsröðinni og Svörtu röðinni með fernum tónleikum með staðarlistamenni starfsársins. Áskrifendur fá **20%** afslátt frá almennu miðaverði. Nánari upplýsingar er að finna á sinfonia.is og í miasölu Hörpu.

svæði	Rauð Röð 7 tónleikar	Gul Röð 7 tónleikar	Græn Röð 5 tónleikar	Litli tónsprotinn 4 tónleikar
1	41.760 kr.	40.880 kr.	26.880 kr.	11.040 kr.
1+	49.680 kr.	48.720 kr.	32.560 kr.	11.040 kr.
2	33.840 kr.	33.040 kr.	21.280 kr.	9.120 kr.
3	26.000 kr.	25.200 kr.	16.000 kr.	9.120 kr.



Heil sinfónía fyrir sælkera

Fullkomnaðu stemninguna með frábærri máltíð eða hressandi drykk á úrvals veitingastað.

Notalegt, ferskt og fallegt
www.satt.is

satt

Litríkur, fjörugur og sérvitur
www.geirismart.is

GEIRI SMART
RESTAURANT

Skemmtilegir kokteilar, frábær matur
www.slippbarinn.is

SLIPPBARINN

Fáguð matargerðarlist
www.vox.is

VOX
BRASSERIE & BAR

Útgefandi: Sinfóníuhljómsveit Íslands, júní 2022

Ritstjóri: Margrét Ragnarsdóttir
Texti: Magnús Lyngdal Magnússon, Halla Oddný Magnúsdóttir og Margrét Ragnarsdóttir
Viðtöl: Halla Oddný Magnúsdóttir og Magnús Lyngdal Magnússon
Hönnun og umbrot: Aton.JL
Ljósmyndir: Ýmsir
Prentun: Litróf, umhverfisvottuð prentsmiðja

Athugið að tilhögun tónleika, miðaverð og annað sem greint er frá í þessum bæklingi kann að breytast án fyrirvara. Nýjustu upplýsingar er ávallt að finna á vef Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sinfonia.is.

Sinfóníuhljómsveit Íslands
Harpa, Austurbakka 2, 101 Reykjavík
Sími 545 2500
sinfonia.is

Sinfóníuhljómsveit Íslands
2022/23

MIÐASALA Í HÖRPU
SINFONIA.IS
HARPA.IS
528 50 50
@ICELANDSYMPHONY
#SINFÓ
STOLTUR BAKHJARL
KVIKA
Eignastýring
SAMSTARFSAÐILI
Icelandair Hotels
BAKHJARL Í FLUTNINGUM
TVG-ZIMSEN